

Þroskaþjálfinn

Fagblað Þroskaþjálfafélags Íslands

1. tbl. 20. árg. 2021



ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS



Frá útgáfuráði

Þroskaþjálfinn kemur nú loksins út. Síðastliðið ár hefur verið erfitt fyrir okkur flest vegna Kórónuveirunnar (Covid) og það var margt í samfélaginu sem lagðist í dvala, þar á meðal félagsblaðið okkar. Þetta ástand hefur reynt á margt og margir hafa þurft að leita nýrra leiða til að þjóna skjólstæðingum okkar. Með þetta í huga ákvað útgáfuráð að hafa samband við nokkra þroskaþjálfara og biðja þá um að skrifa fyrir blaðið um áskoranir, breytingar og þann lærdóm sem þeir hafa dregið af störfum sínum í baráttunni við Covid. Vil ég þakka þeim kærlega sem sendu okkur greinar.

Rætt hefur verið um það síðastliðin ár hvernig blaðið okkar eigi að verða í framtíðinni. Þeir sem sitja í útgáfuráði hafa verið sammála um að mikilvægt sé að koma blaðinu reglulega út og láta það liggja frammi á fjölförnum stöðum, ásamt því að deila efni á netmiðlum til þeirra sem standa okkur nærri. Það er vilji útgáfuráðsins að gefa blaðið út oftar en verið hefur og því er mikilvægt að félagsmenn séu virkir og sendi inn greinar um það sem þeir eru að fást við. Í þessu blaði eru ýmsar áhugaverðar greinar og vil ég þakka höfundum þeirra, þeim Guðrúnu V. Stefánsdóttur, Bryndísi Víglundsóttur, Ruth Jörgensdóttur Rauterberg og Kolbrúnu Þ. Pálsdóttur, Jóhönnu Lilju Ólafsdóttur og Kristínu Lilliendahl.

Einnig vil ég þakka öllum þeim sem komu að vinnu við útgáfu blaðsins og fulltrúum í útgáfuráði. Í ráðinu sátu síðastliðinn vetur ásamt undirritaðri: Friðþór Vestmann Ingason, Guðrún Benjamínsdóttir, Hallbjörn Valgeir Rúnarsson, Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, Laufey Gunnarsdóttir og Trausti Júlíusson.

Fh. útgáfuráðs, Ingibjörg Elín Baldursdóttir, ritstjóri.



EFNISYFIRLIT

Frá útgáfuráði	2
Pistill formanns – Laufey Elísabet Gissurardóttir	3
Þroskaþjálfarafræði á krossgötum : Gamlar og nýjar áskoranir – Guðrún V. Stefánsdóttir	5
Um menntun þroskaþjálfara – Bryndís Víglundsóttir	13
Menntun þroskaþjálfara þróast í takt við breytt samfélag og nýjar kröfur – Ruth Jörgensdóttir Rautberg og Kolbrún Þ. Pálsdóttir	17
Á tímum kórónuveirunnar Covid-19:	
Fræðslunet Suðurlands – Lilja Össurardóttir	20
Fjölmennt – Þorvaldur Heiðar Guðmundsson	21
Ás vinnustofa – Trausti Júlíusson.....	22
Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur – Svanborg Bobba Guðgeirsdóttir	24
Þjónustuíbúðirnar Vallholti 12-14 á Selfossi – Guðrún Linda Björgvinsdóttir	24
Sunnulækjarskóli á Selfossi – Karen Erlingsdóttir	25
Íbúðarkjarni í Reykjavík – Hanna Kristín Sigurðardóttir ..	26
Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna – Jóhanna Lilja Ólafsdóttir	28
Hugleiðingar um gildi faghandleiðslu í störfum þroskaþjálfara – Kristín Lilliendahl	31

Útgefandi: Þroskaþjálfafélag Íslands

Borgartúni 6, sími 595 5160

Tölvupóstur: throska@throska.is

Heimasíða: www.throska.is

Í útgáfuráði eru: Friðþór Vestmann Ingason, Guðrún Benjamínsdóttir, Hallbjörn Valgeir Rúnarsson, Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, Ingibjörg Elín Baldursdóttir, Laufey Gunnarsdóttir og Trausti Júlíusson.

Tölvupóstur útgáfuráðs: utgafurad@gmail.com

Ábyrgðarmaður: Laufey Elísabet Gissurardóttir.

Allar greinar í blaðinu eru birtar á ábyrgð höfunda.

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja. Pökkun: Ás vinnustofa.

Pistill formanns

Síðasta ár hefur verið erfitt og hafa þroskaþjálfar í búsetu, dagþjónustu, leik-, grunn- og framhaldsskólum og víðar staðið vaktina ásamt öðrum heilbrigðisstéttum og uppeldisstéttum og gert það af mikilli fagmennsku. Á síðasta ári hefur það verið svo augljóst hversu mikilvægu hlutverki þessar stéttir sinna og hvernig þær halda samfélaginu gangandi með störfum sínum. Því er mikilvægt að meta störf og menntun þessara stétta til launa á réttlátan hátt.

Kjaramál eru viðvarandi viðfangs-efni hjá Þroskaþjálfafélagi Íslands og tóku drjúgan tíma á starfsárinu. Ekki síst þar sem nær allar viðræður voru meira og minna í gegnum fjarfund vegna faraldursins. Samningar náðust við viðsemjendur á opinberum vinnumarkaði eftir lengstu kjaraviðræður í manna minnum. Í öllum þessum samningum er kveðið á um styttingu vinnuvikunnar í dagvinnu að hámarki fjórar stundir á viku og að lágmarki 65 mínútur á viku fyrir dagvinnufólk. Með hámarksstyttingu gefur félagsfólk eftir forræði yfir kaffitímum (35 mín á dag) en atvinnurekandi skal engu að síður tryggja neyslulhlé yfir vinnudaginn. Tímafrestur fyrir innleiðingu hjá dagvinnufólki var 1. janúar 2021. Nú hafa flestar stofnanir ríkisins innleitt styttingu. Reykjavíkurborg hefu innleitt hámarksstyttingu heilt yfir, en ferlið reynist öllu seinlegra hjá sveitarfélögunum. Stytting vinnuvikunnar fyrir vaktavinnufólk hófst 1. maí 2021. Sérstök verkefnastjórn leiðir þá vinnu og hefur aðsetur hjá Ríkissáttasemjara. BHM á fulltrúa í öllum þeim innleiðingarhópum sem hafa verið skipaðir vegna styttingar vinnuvikunnar, auk þess að eiga fulltrúa í stýrihópi og matshópi. Finna má allar helstu upplýsingar inni á www.betrivinnutimi.is bæði hvað varðar dag- og vaktavinnu.

Ég er sannfærð um að innleiðing styttri vinnuviku á eftir að verða ein mikilvægasta kjarabót sem við höfum náð fram þegar til lengri tíma er litið. Ljóst er að þau skref sem voru stigin í síðustu kjarasamningum og varða styttinguna hrófla við ýmsum öðrum ákvæðum kjarasamninga en það á



Laufey Elísabet Gissurardóttir

eftir að koma betur í ljós og viðræður um þau mál eru í gangi milli aðila. Alla kjarasamninga, sem ÞÍ er aðili að, má finna á heimasíðu félagsins.

Í febrúar síðastliðnum gerði BHM könnun meðal félagsfólks um viðhorf, líðan og aðstæður í fjarvinnu. Um 4000 félagar tóku þátt í könnuninni en heildarfjöldi félagsfólks í aðildarfélögum BHM er um 16 þúsund. Svarhlutfall félaga í ÞÍ var 27%. Í þessari könnun kemur fram að fleiri en 60% svarenda telja mikilvægt að BHM beiti sér fyrir því að réttur til að vinna að heiman verði tryggður í næstu kjarasamningum. Meira en 70% svarenda vilja að kjarasamningar kveði skýrt á um

að atvinnurekandi skuli greiða fyrir og útvega nauðsynlegan búnað.

Ekki var unnt að halda starfsdaga í janúar 2020, eins og hefð er fyrir, en ákveðið var að hafa ígildi málþings á netinu þar sem rætt var um nýtt frumvarp barna- og félagsmálaráðherra. Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur skrifstofu barna- og fjölskyldumála hjá félagsmálaráðuneytinu, kynnti efni frumvarpsins og þroskaþjálfarnir Rósa Hrönn Árnadóttir og Jóhanna Lilja Ólafsdóttir ræddu um aðkomu þeirra og sýn á frumvarpið. Málþingið var vel sótt, umræður urðu nokkrar og almenn ánægja var með málþingið. Þroskaþjálfafélag Íslands sendi inn umsögn í janúar 2021 um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi. Í umsögninni fagnar félagið framkomnum hugmyndum um samþættingu í þágu barna með áherslu á snemmtækan stuðning og að betur sé hlúð að börnum með það að markmiði að þeim farnist vel í lífinu. Í júní 2021 voru þessi frumvörp samþykkt sem lög frá Alþingi. Þessi lög eru mikilvægt skref til að hlúa betur að æsku landsins. Við sem fagmenn getum nýtt og unnið eftir þeim til að auka gæði þjónustu við börn.

Í september á þessu ári var gerð önnur tilraun til að halda starfsdaga í Hveragerði og því miður var ekki hægt að halda þá í Hveragerði. Haldin var starfsdagur 24. september í gegnum fjarfund. Met þátttaka var

á þennan starfsdag. Á starfsdeginum voru réttindi þroskaþjálfra skoðuð og hvaða hlutverki þeir gegna í réttindabaráttu þeirra sem þeir vinna með.

Þroskaþjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS), samtökum norræna þroskaþjálfra. Í þessu samstarfi eru félög í Noregi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Á síðasta ári og á þessu ári var haldinn stjórnarfundur hjá NFFS í gegnum fjarfund og á þann fund mættu formaður, varaformaður ÞÍ og Hanna Kristín Sigurðardóttir stjórnarmaður ÞÍ. Efni fundanna var meðal annars ástandið í heiminum vegna Covid- 19. Rætt var um hvernig þetta ástand hefur áhrif á störf þroskaþjálfra, samfélagið og á þá þjónustu sem þroskaþjálfar veita. Félagið er með aðild að AIEJI (International Association of Social Educators).

Samkvæmt viljayfirlýsingu sem menntavísindasvið Háskóla Íslands og Þroskaþjálfafélag Íslands hafa undirritað um faglegt samstarf er kveðið á um að báðir aðilar komi á sameiginlegum vettvangi til faglegrar umræðu um störf, starfsvettvang og menntun þroskaþjálfra og skal sérstaklega tiltaka símenntun og framhaldsmenntun fagstéttarinnar. Hefur félagið átt reglulega fundi með menntavísindasviði Háskóla Íslands, þar sem rætt var m.a. um 60e viðbótardiplóma

í þroskaþjálfrafræðum. Ný reglugerð um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfra og skilyrði til að hljóta starfsleyfi tók gildi 18. apríl 2018. Í henni er nám til starfsréttinda lengt í fjögur ár. Vorið 2016 var skipaður starfshópur til að greina sóknarfæri í menntun þroskaþjálfra. Niðurstöður þeirra vinnu voru birtar í skýrslu sem gefin var út af Félagsvísindastofnun í ágúst 2017. Vorið 2018 var stofnuð nefnd um uppbyggingu náms í þroskaþjálfrafræðum og sú nefnd vann með skýrsluna frá 2017. Nefndin lagði fram að áframhaldandi þróun náms yrði í höndum námsnefnda. Frá hausti 2018 til hausts 2019 fór fram endurskoðun BA-náms, endurskoðun hæfni- viðmiða og námskeiða – undirbúningur fyrir viðbótardiplómu. Umsókn um nýja námsleið var samþykkt á brautarfundi 30. september 2020 og staðfest í deildarráði 5. október 2020.

Þroskaþjálfafélag Íslands vill efla upplýsingar um fagleg og kjaratengd mál, vinna við framkvæmd kjarasamninga og gæta hagsmuna félagsmanna. Það vill gera þroskaþjálfra sýnilegri í íslensku samfélagi og að upplýsa samfélagið um störf þeirra.

*Laufey Elísabet Gissurardóttir,
formaður Þroskaþjálfafélags Íslands*

Þroskaþjálfafraeði á krossgötum: Gamla og nýjar áskoranir

Í greininni sem hér fer á eftir er byggt á fyrirlestri sem haldinn var 2. október 2020 á Menntakviku, árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs KHÍ. Erindið, sem var aðalrindi ráðstefnunnar, var tileinkað alþjóðlegum degi þroskaþjálfna sem víða er haldinn hátíðlegur 2. október ár hvert. Ekki er unnt að gera skil á öllu sem fjallað var um og hef ég því valið að sleppa umfjöllun um sögulega þróun menntunarinnar fyrstu áratugin. Í stað þess hefst greinin á þeim tímamótum sem urðu þegar Þroskaþjálfaskólinn flutti formlega á háskólastig um áramótin 1997–1998. Fjallað verður um gamla og nýja áskoranir í námi þroskaþjálfna frá þessum tíma og þær settar í samhengi við nútímann. Sumar af eldri áskorunum eru úr sögunni en aðrar eru enn til staðar og samtunnast nýjum. Auk þess fjalla ég um með hvaða hætti fræðasvið eins og þroskaþjálfafraeði þróast og verður til. Að lokum verða ræddar helstu áskoranir sem námið stendur frammi fyrir nú á dögum og hver sé framtíðarsýnin.



Guðrún Valgerður Stefánsdóttir

Fósturskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands sameinuðust. Árið 2003 eða fimm árum eftir sameininguna var haldin ráðstefna í samstarfi Þroskaþjálfafélags Íslands og Kennaraháskóla Íslands (hér eftir KHÍ). Umfjöllunarefni ráðstefnunnar var hlutverk og starfssvið þroskaþjálfna og stefnan í þroskaþjálfanáminu. Hér á eftir verður vísað í þá umræðu sem fram fór á ráðstefnunni og hún tengd við helstu áskoranir nú á dögum.

Fyrir sameininguna og lengi framman af voru skiptar skoðanir meðal þroskaþjálfna um staðsetningu námsins í KHÍ og síðar á Menntavísindasviði.

Mörgum fannst til dæmis námið frekar eiga heima innan Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Á þessum tíma var nám í KHÍ fyrst og fremst tengt uppeldi og kennslu barna. Margir þroskaþjálfar höfðu af því áhyggjur að áherslan á börn í náminu myndi því aukast frá því sem verið hafði í Þroskaþjálfaskóla Íslands. Eitt af neikvæðum sögulegum hlutverkum sem fatlað fólk hefur verið og er enn sett í er hlutverk hins eilífa barns sem kallar á þá ímynd að fatlað fólk sé kynlaust, ófært um að fara með sjálfraeði sitt og öðrum háð. Sumir töldu það því umhugsunarvert að náminu væri komið fyrir innan stofnunar sem menntaði fólk fyrst og fremst til starfa með börnum (Rannveig Traustadóttir, 2004).

Í opinberum gögnum og umfjöllun um þær stéttir sem KHÍ menntaði var oftast tekið tillit til þroskaþjálfanámsins með þeim hætti að við kennsluhugtakið var bætt hugtökunum þjálfun og umönnun. KHÍ menntaði því á þessum tíma stéttir til að starfa að kennslu, uppeldi, umönnun og þjálfun og með því var höfðað til reglugerðarinnar um störf, starfsvettvang og starfshætti þroskaþjálfna nr. 215/1987. Á

Straumhvörf í menntun þroskaþjálfna

Menntunin á háskólastig

Um áramótin 1997–1998 urðu þáttaskil í námi þroskaþjálfna en þá fluttist menntunin þeirra formlega af framhaldsskólastigi yfir á háskólastig þegar Kennaraháskóli Íslands, Íþróttakennaraskóli Íslands,

Þessum tíma var áherslan í námi þroskaþjálfna samt sem áður að færast í auknum mæli frá þjálfunarhugtakinu yfir á félagslega þætti og mannréttindi. Þessi ímynd var lengi áberandi innan KHÍ, eins og sjá má í lögum um Kennaraháskóla Íslands (nr. 137/1997). Í þessu samhengi má líka nefna að KHÍ og ef til vill að einhverju leyti Menntavísindasvið nú á dögum endurspeglar sögu og hlutverk kennaramenntunarstofnunar. Til dæmis má nefna að nafn skólans hélst óbreytt eftir sameininguna, þ.e. Kennaraháskóli Íslands. Í þannig umhverfi er hættu á að þær stéttir eða nám sem eru í minnihluta og eiga sér annað hlutverk gleymist í opinberri umfjöllun, eða þegar verið er til dæmis að skipuleggja ráðstefnur og sameiginleg námskeið, og endurspegli meirihlutann. Því var það sérstakt ánægjuefni að aðalfyrirlestur Menntakviku 2020, sem hér er byggt á, var tileinkaður þroskaþjálfanámum. Nú er þetta auk þess töluvert breytt og Menntavísindasvið menntar fólk á mun breiðari vettvangi en til kennslustarfa. Má þar nefna tómsundafræðinga, uppeldis- og menntunarfræðinga, alþjóðlegt nám og fleira.

Á ráðstefnunni 2003 komu fram töluverðar áhyggjur af því að námið myndi fletjast út og verða of almennt. Rætt var um að mikilvægt væri að standa vörð um sérstöðu þess. Þrátt fyrir að ýmislegt hafi breyst á sú umræða enn vel við. Þá var mikið rætt um, eins og fram kom hér að framan, hvort leggja ætti meiri áherslu á börn en fullorðna og í því samhengi hvaða hópar ættu að vera markhópar þroskaþjálfna. Það er enn til umræðu þó að á annan hátt sé og beinist að öðrum þáttum. Enginn vafi leikur á að allur nógildandi lagalegur rammi um þroskaþjálfanám og -stétt gerir ráð fyrir að þroskaþjálfar starfi með fótluðu fólki á öllum aldri hvar sem er í samfélaginu svo að sú umræða er ekki lengur uppi á borðinu. Aftur á móti hefur umræðan upp á síðkastið frekar beinst að því hvort útvíkka eigi námið og höfða til fleiri jaðarhópa en fatlaðs fólks. Þá var töluvert umræða um starfsheitið þroskaþjálfri en hún er í raun orðin klassísk án þess að niðurstöðu hafi verið náð. Í umræðum um starfsheitið á ráðstefnunni 2003 kom meðal annars fram að einhverjir töldu þetta heiti úrelt og gamaldags, vegna þess að hugmyndafræðilegar áherslur væru að breytast, fjarlægjast þjálfunarhugtakið og fara yfir á félagslega þætti eins og ég nefndi hér að framan. Aðrir töldu fráleitt að breyta starfsheitinu, ekki síst vegna þess að þroskaþjálfar væru loks að verða sýnilegri í samfélaginu og breyting á nafngiftinni gæti skaðað stéttina.

Þrátt fyrir að ýmsar vangaveltur og umræður um staðsetningu þroskaþjálfanámsins komi enn til tals, eru, eftir bestu vitund minni, flestir sáttir við núverandi staðsetningu námsins og sjá frekar ávinning af henni en galla. Flutningur námsins á háskólastig skipti miklu máli fyrir stöðu og virðingu námsins og sjálfsvirðingu stéttarinnar. Þá má líka nefna auknar fræðilegar kröfur sem gerðar eru í háskólanámi sem án efa hafa styrkt menntunina og stéttina. Sem dæmi um ávinning má auk þess nefna að betri grundvöllur hefur skapast í gegnum samstarf þroskaþjálfna og skyldra stétta sem KHÍ menntar, eins og kennara, leikskólakennara og tómsundafræðinga. Slík samvinna eykur skilning, gerir alla samvinnu og teymisvinnu á vettvangi auðveldari og kemur í veg fyrir togstreitu sem oft getur orðið á milli stétta. Þá má nefna þann ávinning fyrir Menntavísindasvið sem felst í að vera með þroskaþjálfanámum innan sinna veggja. Málefni fatlaðs fólks hafa til dæmis orðið töluvert sýnilegri og meira áberandi innan sviðsins en áður var sem telst mikill kostur. Auk þess byggist sameiginleg stefna Menntavísindasviðs á skóla og samfélagi án aðgreiningar og áhersla er lögð á margbreytileika sem rímar afar vel við stefnu og áherslur í námi og starfi þroskaþjálfna.

Starfsvettvangur þroskaþjálfna?

Í framhaldi af því sem ég nefndi hér að framan er áhugavert að skoða með hvað hópum þroskaþjálfar starfa nú til dags og hvort áhyggjur af áhrifum þess að vera hluti af menntastofnun eins og KHÍ og síðar Menntavísindasviði hafi verið á rökum reistar. Í niðurstöðum rannsóknar Kristínar Björnsdóttur og Lilju Össurardóttur (2015) kom fram að 92% þroskaþjálfna störfuðu í þjónustu við fatlað fólk eða fólk með skyldar skerðingar. Það sem vekur athygli í þessari könnun er að stærsti hópur svarenda (42%) starfaði í skólakerfinu, en mun færri (19%) á heimilum fatlaðs fólks. Rúmlega helmingur svarenda, eða 59%, starfaði með börnum og 34% með fullorðnum. Þó að þroskaþjálfar hafi starfað með börnum frá upphafsárum stéttarinnar er margt sem bendir til að eftir sameininguna hafi smám saman orðið breyting á þeim markhópi sem þroskaþjálfar starfa með og má ætla að þar komi að einhverju marki fram áhrif þeirrar menntastofnunar sem þroskaþjálfanámum er staðsett í. Því má halda fram að þær áhyggjur sem fram komu á ráðstefnunni 2003, sérstaklega þær sem

tengdust aukinni áherslu á börn og fækkun þroskaþjálfa á fullorðinssviði og á heimilum fólks, hafi verið á rökum reistar. Spyrja má hvort þetta vandamál sé að einhverju leyti úr sögunni nú, þroskaþjálfar eru eftirsóttur starfskraftur, ekki síst í skólum og að sjálf-sögðu er full þörf á þeim í skólakerfinu og í starfi með börnum. Það er aftur á móti enn mikið ákall eftir þroskaþjálfum í störf á heimilum fólks og í starfi með fullorðnu fötluðu fólki almennt svo það er áskorun sem bæði þeim, sem skipuleggja menntun þroskaþjálfa og á vettvanginum, ber að taka alvarlega.

Þegar fjallað er um með hvaða hópum þroskaþjálfar skuli starfa benti Rannveig Traustadóttir (2004) í erindi á áðurnefndri ráðstefnu á að vert væri að hafa í huga að eitt væri á hvað áhersla væri lögð í námi þroskaþjálfa og hvaða störf þroskaþjálfar byggju sig undir en hitt væri svo annað mál hvort útskrifaðir þroskaþjálfar veldu að nýta nám sitt eða færu út fyrir þetta svið og störfuðu á öðrum vettvangi. Í þessu samhengi er hjálplegt að hafa í huga hvar þroskaþjálfar eru aðalstarfsstéttin og hvaða hópar það eru sem þroskaþjálfar sinna umfram aðrar fagstéttir. Sem dæmi má nefna að kennarar eru aðalstétt í skólum, leikskólakennarar í leikskólum og félagsráðgjafar í félagsþjónustu. Í námi sínu geta félagsráðgjafar auk þess sérhæft sig til dæmis til starfa með öldruðum, vímuefnaneytendum, föngum og fleiri jaðarhópum. Það er að mínu mati jafnmikilvægt nú og það var áður að þroskaþjálfar styrki enn frekar stöðu sína sem sérfræðingar í málefnum fatlaðs fólks. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem algengt er að þeir starfi á vettvangi þar sem aðrar fagstéttir eru fyrir og hafa þegar skilgreint lögsögu sína. Auk þess má ætla að það sé mikilvægt fyrir vettvang fatlaðs fólks að njóta þeirrar sérþekkingar sem þroskaþjálfar búa yfir. Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018) er þroskaþjálfum auk þess ætlað stórt hlutverk en þar kemur fram: „Sveitarfélög skulu hafa á að skipa þroskaþjálfum til að starfa að verkefnum samkvæmt lögum þessum. Þar sem þörf krefur skal ráða félagsráðgjafa, iðjuþjálfa, sálfræðinga og aðra sérfræðinga til starfa, og starfsfólk sem talar íslenskt táknmál.“ Þetta ákvæði laganna má túlka sem svo að litið sé á þroskaþjálfa sem aðalstétt þegar kemur að þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Fræðasvið – Tengsl fags og fræða

Eftir að þroskaþjálfanámið varð háskólanám hefur fræðileg og kenningarleg áhersla í náminu aukist og því fylgir einnig krafan um auknar rannsóknir kennara, nemenda og þroskaþjálfa á vettvangi. Auk þess hefur verið ákall eftir að þróa sýnilegt fræðasvið í þroskaþjálfrafræðum. Ef til vill er dæmigert fyrir þessar breytingar að smám saman var í meira mæli farið að tala um þroskaþjálfrafræði í stað þroskaþjálfunar. Þroskaþjálfrafræði sem fræðasvið er þó enn á byrjunarreit, þó að ýmsu hafi verið áorkað.

Margt má læra um þróun fræðasviðs af reynslu félagráðgjafa sem eru nú nán samstarfsstétt þroskaþjálfa í félagsþjónustu. Sigrún Júlíusdóttir (2006), prófessor í félagsráðgjöf, bendir á nokkur atriði í tengslum við þróun fræðasviðs. Hún nefnir í fyrsta lagi að á fræðasviði þurfi að byggja á sameiginlegum hugtökum, fræðilegum grunni, hugmyndafræði og skilgreindu hlutverki. Í öðru lagi að fagleg þjónusta byggji á traustri þekkingu og því sé mikilvægi rannsókna og fræða fyrir starfssvið afar mikið. Í þriðja lagi nefnir hún samþættingu á milli fags og fræða sem felist í tengingu kennslu og rannsókna í háskólanámi við störf og þjálfun nema og starfsstéttar á vettvangi. Sigrún bendir líka á að í byrjun hafi félagsráðgjafar á vettvangi óttast að aukin rannsóknaráhersla yrði á kostnað vettvangsvinnu og þjónaði ekki hagsmunum notenda þjónustunnar. Sigrún talar um að á þessu hafi orðið mikil breyting með aukinni rannsóknarvinnu félagsráðgjafa, kennara og nemenda á vettvangi og nú á dögum snúist málið ekki lengur um hvort rannsóknir séu hluti af fagþróun heldur hvernig megi samþætta þær og faggreinina. Án efa kannast margir þroskaþjálfar við þessa umræðu og hafa haft af því áhyggjur að námið sé að þróast í þá átt að verða allt of fræðilegt á kostnað klínískra aðferða og leiða.

Þá hefur einnig verið bent á mikilvægi sögulegrar vitundar í þróun fræðasviðs. Söguleg vitund fagstétta felst meðal annars í viðurkenningu á sögulegu upphafi og þeim hugmyndum sem fagið sprettur upp úr (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Þetta felur í sér að viðurkenna bæði góðar og slæmar hliðar sögunnar. Saga þroskaþjálfanáms og starfa er samofin sögu fatlaðs fólks og afar mikilvægt fyrir stéttina að horfast í augu við að fatlað fólk hefur verið beitt ýmiss konar ofbeldi, útilokun og einangrun í gegnum tíðina. Samfélagið í heild þarf að viðurkenna hlutdeild sína í þeim órétti sem fatlað fólk hefur verið beitt og

Þar eru þroskaþjálfar ekki undanskildir. Það er auk þess mikilvægt að læra af eldri hugmyndastefnum og straumum sem hafa verið ríkjandi og að geta greint áhrif þeirra, til dæmis á viðhorf til fatlaðs fólks. Þá er ekki síður mikilvægt að þekkja samfélagslegt framlag frumkvöðlanna á sviðinu og pólitíska vitund stéttarinnar en þroskaþjálfar hafa frá upphafi sýnt samkennd með fötluðu fólki og málstað þess og litid á sig sem bandamenn þess. *Bókin Þroskaþjálfar á Íslandi* eftir Þorvald Kristinnsson (2015), sem gefin var út á 50 ára afmæli Þroskaþjálfafélags Íslands, er afar mikilvægt framlag í því skyni að efla sögulega vitund stéttarinnar.

Sameiginlegar hugmyndastefnur og fræðilegar áherslur

Eins og nefnt var hér að framan byggist fræðasvið á sameiginlegum hugmyndastefnum, hugtökum og fræðilegum grunni. Hér á eftir fjalla ég um hvað í þessu getur falist fyrir nám þroskaþjálfara.

Tímamót í málefnum fatlaðs fólks í upphafi 21. aldar

Á undanförunum árum hafa málaflokkar fatlaðs fólks staðið á tímamótum, ekki ósvipað og fyrir rúmri hálfri öld þegar lokun stofnana hófst og hugmyndafræðin um eðlilegt líf og samfélagsþátttöku eða normaliseringin kom fram. Þessar hugmyndir gegndu mikilvægu hlutverki þegar kom að því að leggja niður stofnanir fyrir fólk með þroskahömlun og móta þjónustu utan þeirra. Væntingar um betra líf utan stofnana voru miklar en það eitt að loka stofnun ryður ekki úr vegi öllum þeim hindrunum sem fatlað fólk mætir í samfélaginu (Johnson og Rannveig Traustadóttir, 2005). Þrátt fyrir flutning út af stofnunum er algengt nú á dögum að fólk með þroskahömlun búi í sértækum úrræðum eins og sambýlum og íbúðareiningum og fari til vinnu á hæfingarstöðvar eða á verndaða vinnustaði. Einnig er algengt að börn og ungmenni með þroskahömlun fái menntun sína á sérnámsbrautum og sérskólum þrátt fyrir yfirlýsta stefnu um skóla án aðgreiningar. Margar vísbendingar eru um að enn sé algengt að regluveldi og menning gömlu stofnananna, sem eiga sér rætur í læknavísindum og erfðafræði, hafi að einhverju marki viðhaldist og flust yfir á þá þjónustu sem nú er veitt. Hugmyndastefnur byggðar á normaliseringu hafa því átt þátt í að viðhalda for-

ræðishyggju sérfræðinga og starfsfólks sem var ríkjandi á gömlu stofnunum og kom í veg fyrir að fólk með þroskahömlun fengi tækifæri til að lifa sjálfstæðu lífi og taka sjálfstæðar ákvarðanir (Guðrún V. Stefánsdóttir o.fl., 2014). Nú á dögum er því alþjóðlega viðurkennt að hugmyndirnar séu úreltar og að þær hafi ekki náð því markmiði sem stefnt var að, þ.e. fullri samfélagsþátttöku og sjálfræði fatlaðs fólks á öllum sviðum samfélagsins (Tøssebro o.fl., 2012).

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) markar mikilvæg tímamót í réttindabaráttu fatlaðs fólks en allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti samninginn árið 2006. Það sýnir þó vel stöðu fatlaðs fólks í upphafi 21. aldarinnar að full ástæða þótti til að gera sérstakan mannréttindasamning þar sem fötluðu fólki væru tryggð mannréttindi til jafns við aðra. Írski mannréttindalögfræðingurinn Gerard Quinn (2009), sem mikið hefur fjallað um samninginn og tók þátt í gerð hans, heldur því fram að samningurinn sé eins konar spegill samfélagsins. Fötluðu fólki hafi verið útskýft að úr samfélaginu og jaðarsetning þess álitin eðlileg. Samningurinn hafi orðið til þess að samfélagið verði að horfast í augu við eigin gildi, virða jafnrétti og sýna samstöðu með fötluðu fólki.

Fulltrúar íslenskra stjórnvalda undirrituðu samninginn árið 2007 og fullgiltu hann árið 2016. Stjórnvöld hafa þó enn ekki löggilt samninginn þrátt fyrir loford um að gera það fyrir árslok 2020. Árið 2017 samþykkti Alþingi stefnu og framkvæmdáætlun í málefnum fatlaðs fólks árin 2017–2021. Í áætluninni var lögð megináhersla á að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks yrði innleiddur í alla lagaumgjörð hér á landi og að framkvæmd þjónustu væri á þann veg að stuðla að því að fatlað fólk, börn jafnt sem fullorðnir, gæti lifað sjálfstæðu lífi og nyti mannréttinda til jafns við aðra. Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir tóku gildi 2018 en með löggjöfinni var tekið stórt skref í þá átt að íslensk stjórnvöld skuldbyndu sig til að framfylgja samningnum. Lögin ítreka ákvæði samningsins um rétt fatlaðs fólks til mannréttinda og sjálfræðis á öllum sviðum. Þá er hugmyndafræðin um sjálfstætt líf lögð til grundvallar og í fyrsta sinn hér á landi er gert ráð fyrir að fatlað fólk geti sótt um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Víða á Vesturlöndum hefur sú krafa verið ríkjandi að NPA verði meginform þjónustu við fatlað fólk, eins og staðfest er í samningi Sameinuðu þjóðanna. Þrátt fyrir að svo sé er enn langt í land að slík þjónusta sé fyrir hendi fyrir alla sem það kjósa hér á landi.

Ljóst má vera að fagstéttir á borð við þroskaþjálfar þurfa að endurmeta störf sín út frá samningnum og nýjum áherslum í þjónustu við fatlað fólk sem byggist á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Þetta þarf ekki síður að hafa í huga við þróun menntunar þroskaþjálfara.

Málaflokkur fatlaðs fólks var fluttur frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011 og má ætla að þær breytingar hafi bæði haft áhrif á líf fatlaðs fólks og störf þroskaþjálfara. Reynsla fatlaðs fólks af flutningnum hefur þó verið afar mismunandi. Við þessar breytingar voru svæðisskrifstofur um málefni fatlaðs fólks lagðar af og sú þjónusta flutt til félagsþjónustu sveitarfélaganna. Við þær breytingar breyttust störf margra þroskaþjálfara frá því að vinna í sértæku kerfi fyrir fatlað fólk í að tilheyra almennri félagsþjónustu.

Sameiginlegur skilningur leggur grunn að fræðasviði

Eins og áður kom fram er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks leiðarljós í mál-efnum fatlaðs fólks og því gefur auga leið að slíkt hið sama gildir í námi og störfum þroskaþjálfara. Þessi sýn kemur glöggt fram í Kennsluskrá Háskóla Íslands (2021) um þroskaþjálfanám. Þar segir að námið byggist á „hugmyndafræði alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga þar sem kveðið er á um eðlislæga reisn og óendanlegt verðmæti hvernar manneskju. Námi í þroskaþjálfarafræði er bæði fræðilegt og starfstengt og byggir á félagslegum skilningi á fötlun og margbreytileika“ (Háskóli Íslands, 2021). Við svipaðan tón kveður í starfskenningu þroskaþjálfara eins sjá má á heimasíðu Þroskaþjálfafélagsins, en þar segir orðrétt um hugmyndafræði þroskaþjálfara:

Hún byggir m.a. á jafnrétti, virðingu fyrir sjálfs-ákvörðunarrétti og mannhelgi. Hver manneskja er einstök, allir eiga rétt til fullrar þátttöku á eigin forsendum í samfélaginu. Með þetta að leiðarljósi hafa þroskaþjálfar tekið þátt í að móta þjónustu og ryðja burt hindrunum í samfélaginu í því skyni að bæta lífsskilyrði og lífsgæði fólks. (Þroskaþjálfafélag Íslands, e.d.)

Þrátt fyrir að orðalag sé ólíkt felst í raun sameiginleg yfirlýsing í þessum tveimur textabútum. Í fyrsta lagi viðurkenning á mannréttindum fatlaðs fólks og rétti þess til fullrar samfélagsþátttöku á öllum sviðum, eins og kveðið er á um í samningi Sameinuðu

þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007). Í öðru lagi má nefna lagaleg réttindi fatlaðs fólks, en í lögunum frá 2018 er í raun staðfesting á að þjónusta við fatlað fólk byggist á hugmyndafræði um sjálfstætt líf í stað eldri hugmynda um normalísingu. Í þriðja lagi kemur fram sameiginlegur félagslegur skilningur á fötlun sem felur í sér þá áherslu að ryðja burt samfélagslegum hindrunum í lífi fatlaðs fólks.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna kemur annars vegar fram félagslegur tengslaskilningur á fötlun og hins vegar mannréttindaskilningur eða mannréttindasjónarhorn á fötlun. Félagslegur tengslaskilningur á fötlun skilgreinir hana sem afleiðingu af flóknu samspili milli einstaklinga og samfélagslegra þátta sem koma í veg fyrir að fólk geti tekið fullan þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli (Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2013). Áhersla er á að fjarlægja þær hindranir sem koma í veg fyrir fulla þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. Mannréttindaskilningur eða -sjónarhorn er rauður þráður í gegnum allan samninginn en hann hefur þróast undanfarna áratugi, ekki síst með baráttu og vinnu fatlaðra aðgerðasinna. Litið er svo á að fatlað fólk sé handhafi réttinda á öllum sviðum en ekki þiggjendur velferðarþjónustu eins og eldri hugmyndir vitna til um. Þessi tvö sjónarhorn styðja hvort við annað og mynda mikilvægan grunn fyrir skilning á fötlun (Lawson og Beckett, 2021).

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) kemur fram að viðurkenna beri að fatlað fólk, sem tilheyrir ólíkum jaðarhópum, verði fyrir margþættri mismunun og margs konar hindrunum þegar kemur að samfélagsþátttöku. Í formálsorðum samningsins (p-lið) segir: „... sem hafa áhyggjur af erfiðum aðstæðum fatlaðs fólks sem sætir margþættri eða aukinni mismunun á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungumáls, trúarbragða, stjórn-málaskoðana eða annarra skoðana, þjóðlegs, þjóðernislegs eða félagslegs uppruna eða frumbyggjaættar, eigna, ætternis, aldurs eða annarrar stöðu.“ Í samningnum er með þessu ítrekað að taka þurfi ólíkan veruleika fatlaðs fólks sem býr við margþætta mismunun með í reikninginn og að skoða þurfi með hvað hætti menningarbundin valdamismunun verður til í tengslum við þá þætti sem nefndir voru hér að framan. Þegar þessir þættir samtinnast leiðir það til margþættrar mismununar. Þennan skilning má heimfæra á femínískar kenningar um samtíðinn (Collins, 2008) en þær geta reynst afar gagnlegar í því skyni að þróa fræðasvið eins og þroskaþjálfarafræði

og víkka út skilning okkar á fötlun og aðstæðum fatlaðs fólks. Aukinn margbreytileiki í samfélaginu kallar auk þess á aukna sérhæfingu í þroskaþjálfanáminu, ekki síst í starfi með fötluðu fólki, bæði börnum og fullorðnum, til dæmis af erlendum uppruna, ólíkum kynþætti og kynhneigð.

Samþætting fræðasviða

Fagstétt og nám þroskaþjálfna sækir grunnþekkingu að miklu leyti til annarra fræðasviða eins og til dæmis fötlunarfræði, félagsfræði, siðfræði og sálfræði. Hér á eftir verður fjallað um hvernig þau geta gagnast og samþætt sig í þeim tilgangi að þróa nýtt fræðasvið eins og þroskaþjálfnafræði.

Fötlunarfræði er fræðigrein sem tengir sig við önnur minnihlutahópafræði, svo sem kvenna- og kynjafræði, og hinsegin fræði. Þessi fræði eiga það sameiginlegt að rannsaka margbreytileika og mismunun með áherslu á mannréttindi og baráttu gegn ójöfnuði og jaðarsetningu (Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2013; Rannveig Traustadóttir, 2006) og eru því afar mikilvægur fræðilegur grunnur fyrir þroskaþjálfnafræði. Auk þess er algengt að rannsóknir fötlunarfræðinnar byggist á félagsfræðilegum kenningum. Þá leggur siðfræði mikilvægan grunn fyrir rannsóknir og störf á fræðasviði eins og þroskaþjálfnafræði þar sem tekist er á við ótal siðferðisleg álitamál og áskoranir. Þroskasálfræði er síðan mikilvægur grunnur fyrir ýmsar klínískar aðferðir og greiningar. Þessar fræðigreinar geta vel samþætt sig og unnið saman ef sameiginlegur skilningur á fötlun og mannréttindum ríkir, eins og rakið var hér að framan. Gagnrýnið sjónarhorn fötlunarfræðinnar og siðfræðin geta til dæmis hjálpað þroskaþjálfanemum og þroskaþjálfum á vettvangi til að horfa gagnrýnum augum á ýmsar aðferðir sem byggjast á þroskasálfræði. Það útilokar samt sem áður ekki að aðferðirnar séu notaðar en með því að nýta gagnrýnið sjónarhorn fötlunarfræðinnar eru þroskaþjálfar betur í stakk búnir til að meta kosti og galla ýmissa aðferða og leiða, meta hvað hentar hverju sinni og laga að sínu fagsviði. Þó er ljóst að þekkingin frá fræðasviðunum gagnast ekki ein og sér ef hún er ekki tengd við störf og starfsvettvang þroskaþjálfna. Sama má segja um rannsóknir á sviðinu, en þær þurfa að snúast um áskoranir fagstéttarinnar á vettvangi og beinast bæði að þáttum sem tengjast þjónustunni og beinu starfi en líka þróun fagsins og fræðasviðsins. Sem dæmi um mikilvæga þætti í rannsóknum má

nefna sjálfræði og sjálfsákvörðunarrétt, viðhorf, virkt notendaráð, kerfislægt ofbeldi, umgjörð þjónustu, valdeflandi leiðir og aðferðir, viðhorf notenda til þjónustu, starfsþróun, hlutverk þroskaþjálfna og margt fleira.

Alþjóðleg tengsl og rannsóknir

Á fræðasviði eins og þroskaþjálfnafræði er eins og á öðrum fræðasviðum afar mikilvægt að þróa alþjóðleg tengsl sem geta verið tvenns konar. Annars vegar í gegnum rannsóknir kennara, nemenda í framhaldsnámi og þroskaþjálfna á vettvangi, hins vegar alþjóðleg tengsl við sambærilegt nám og starf í öðrum löndum. Nám þroskaþjálfna þróaðist í kjölfar stofnanavæðingar fatlaðs fólks, hefur að mestu mótast af innlendu lagaumhverfi og því upp að vissu marki verið heimatilbúið. Á síðari árum hefur Þroskaþjálfafélag Íslands, ásamt flestum fagfélögum þroskaþjálfna í Evrópu, verið aðili að alþjóðlegum samtökunum þroskaþjálfna, International Association of Social Educators (AIEJI). Alþjóðasamtökin nota hugtakið social education yfir faggreinina og social educator eða socialpedagog sem starfsheiti. Um er að ræða margar og afar mismunandi stéttir með ólík heiti og menntun í mismunandi löndum. Námið er allt frá tveggja ára menntun á framhaldsskólastigi til fimm ára háskólamenntunar og frá því að starfa með ólíkum jaðarhópum til starfa með fötluðu fólki eins og þroskaþjálfanamið hér á landi hefur beinst að. Hugtakið þroskaþjálfni er auk þess ákveðin áskorun í þessu samhengi, passar að mörgu leyti illa við hugtakið social educator og hefur ólíka merkingu. Þar komum við aftur að starfsheitinu. Þá má benda á að skortur er á sameiginlegum alþjóðlegum skilningi á hvað starfsgreinin felur í sér og enn vantar rannsóknir í þeim tilgangi að styrkja þroskaþjálfnafræði sem sjálfstæða fræðigrein. Það sem þessar faggreinar eiga þó sameiginlegt er að sækja starfsviðmið í siðareglur og greina má sameiginlegar mannréttindaáherslur (Stevens, 2013), svipaðar þeim sem birtast í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007). Þá má greina að samkennd og samstaða með jaðarhópum samfélagsins er sameiginleg undirstaða í öllum störfum fagstéttarinnar. Nokkrir af kennurum þroskaþjálfabrautar hafa skrifað greinar um þroskaþjálfnaám og -starf í alþjóðlegu ljósi, og er þar fjallað nánar um þessa þætti (sjá t.d. Vilborg Jóhannsdóttir og Jóna Ingólfssdóttir, 2018; Vilborg Jóhannsdóttir og Kristín Lilliendahl, 2015).

Helstu áskoranir fram undan

Eins og fram hefur komið stendur málaflökkur fatlaðs fólks á ákveðnum tímamótum og mjög brýnt að nám eins og þroskaþjálfanám fylgi þeirri þróun. Árið 2018 var þroskaþjálfanám lengt úr þremur árum í fjögur. Þetta, ásamt fleiri þáttum sem verða ekki raktir hér, hefur kallað á mikla endurskoðun á náminu sem stendur enn yfir. Það sem lagt var til grundvallar í endurskoðuninni voru nokkrir þættir. Í fyrsta lagi aukin áhersla á mannréttindi og mannréttindanálgun í náminu, aukin sérhæfing og val, aukin vettvangstenging og þróun meistaranáms. Samkvæmt Kennsluskrá Háskóla Íslands (2021) kemur í fyrsta sinn fram skipulag og uppbygging fjórða árs í náminu. Fjórða árið er til starfsréttinda en er jafnframt fyrra ár í meistaranámi. Nemendur velja á milli tveggja kjörsviða, annars vegar er kjörsviðið heildstæð menntun og ævinám og hins vegar sjálfræði og sjálfstætt líf. Í kjarnanámskeiðum kjörsviða er lögð áhersla á vettvangstengingu og munu nemendur stunda vettvangsnám á starfssviði sem tengist því kjörsviði sem valið er. Auk þess er töluvert val á hvoru kjörsviði fyrir sig (sjá nánar Kennsluskrá Háskóla Íslands, 2021).

Eins og áður segir er fjórða árið í náminu fyrra ár í meistaranámi og stendur því opið þroskaþjálfum á vettvangi. Skipulag seinna ársins liggur ekki fyrir en verið er að endurskipuleggja meistaranámið í heild sinni. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram, til dæmis um hvort meistaranám eigi að vera eingöngu fræðilegt eða hvort einnig eigi að bjóða upp á starfstengt framhaldsnám þar sem minna vægi er á lokaritgerð. Þegar þessi grein er skrifuð er verið að kanna alla möguleika. Það er von mín að hægt verði að bjóða upp á hvort tveggja. Það er afar mikilvægt að auka rannsóknir á sviðinu, til dæmis í gegnum framhaldsnámsnemendur, en það er ekki síður mikilvægt að þroskaþjálfar geti komið í framhaldsnám í því skyni að dýpka þekkingu sína í starfi án þess að þeir stefni á akademískt framhaldsnám eða doktorsnám.

Í þessari grein hef ég farið um víðan völl og komið inn á marga þætti sem bjóða upp á frekari umræðu og dýpkun. Aðalatriðin eru þó þessi: Ljóst er að námið á þroskaþjálfabraut hefur verið í mikilli endurskoðun á síðustu árum og fyrir liggur að brautin er að eflast. Á allra síðustu árum hefur orðið mikil endurnýjun á starfsfólki sem skiptir afar miklu máli fyrir þróun brautarinnar. Með nýju starfsfólki koma ferskir vindar og það á svo sannarlega við um

þroskaþjálfabrautina. Betur má þó ef duga skal og ráða þarf fleira öflugt starfsfólk að brautinni, ekki síst vegna þess að á næstu fjórum til fimm árum fer nær helmingur starfsmanna á eftirlaun. Mikilvægt er að hluti þess starfsfólks sem ráðið verður hafi bakgrunn í þroskaþjálfafraedum. Þetta er áskorun sem stjórn Menntavísindasviðs þarf að taka alvarlega. Ég kom líka inn á það fyrr í greininni að mikilvægt er að efla fræðasviðið og rannsóknir og ekki síður tengsl við starfsvettvang. Þá var dregið fram mikilvægi þess að efla alþjóðlegt samstarf, auk þess sem efla þarf meistaranám og doktorsnám fyrir þroskaþjálfra. Einnig hefur verið töluvert umræða um hvort útvíkka eigi þroskaþjálfanám með þeim hætti að það nái til starfa með fleiri jaðarhópum en fötluðu fólki, eins og víða er erlendis. Um það þarf að fara fram ígrunduð umræða í samstarfi við vettvang þroskaþjálfra, notendur þjónustu og Þroskaþjálfafélag Íslands. Slík breyting er upp að vissu marki pólitísk auk þess að snerta hlutverk og starfssvið annarra stétta og lögsögu þeirra. Það er von mín að við getum stefnt að sameiginlegu málþingi eða ráðstefnu í anda þeirrar sem var haldin 2003 sem fyrst þar sem umræðan gæti meðal annars beinst að ofangreindum þáttum. Þá tel ég afar mikilvægt að gera nýja könnun á störfum og starfssviði þroskaþjálfra en um það gætu Þroskaþjálfafélag Íslands og þroskaþjálfabraut haft samstarf. Þá tel ég afar brýnt, eins og ég hef komið inn á, að fram fari opin og málefnaleg umræða um starfsheiti þroskaþjálfra.

Lokaorð

Störf þroskaþjálfra eru og hafa verið auðlind í skóla og samfélagi án aðgreiningar. Það sem einkennir þroskaþjálfastarfið er mannréttindanálgun og sjónarmið í þjónustu við fatlað fólk. Auk þess felst starf þeirra í einstaklingsmiðaðri nálgun í þjónustu (sjá Háskóli Íslands, 2021). Hlutverk þeirra er að ryðja hindrunum úr vegi til að stuðla að fullri þátttöku fatlaðs fólks (barna og fullorðinna) á öllum sviðum samfélagsins. Það eru áhugaverðir tímar fram undan. Eins og rakið hefur verið í greininni standa málaflökkar fatlaðs fólks á mikilvægum tímamótum. Það gerir þroskaþjálfanamið líka. Átak þarf á öllum sviðum til að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þroskaþjálfar gegna afar mikilvægu hlutverki í því átaki, hvar sem þeir starfa. Það er við hæfi að enda þessa grein á tilvísun í Kolbrúnu Þ. Pálsdóttur, forseta Menntavísindasviðs en hún skrifaði grein í *Fréttablaðið* í tilefni alþjóðadags

þroskaþjálfa (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2018). Þar segir: „Íslendingar eiga því láni að fagna að hér á landi hefur vaxið og dafnað öflug fagstétt þroskaþjálfa sem hefur stuðlað að mikilvægri þróun í málefnum fatlaðs fólks á Íslandi.“

Heimildaskrá

Collins, P. H. (2008). *Black feminist thought: Knowledge, consciousness, and the politics of empowerment*. Taylor & Francis.

Guðrún V. Stefánsdóttir, Kristín Björnsdóttir og Ástríður Stefánsdóttir. (2014). „Má ég fá að ráða mínu eigin lífi?“. Sjálfræði og fólk með þroskahömlun. *Uppeldi og menntun*, 23(2), 21–41.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir. (2013). *Fötun og menning. Íslandssagan í öðru ljósi*. Háskólaútgáfan.

Háskóli Íslands. (2021). Kennsluskrá 2021–2022. <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=46058>

Johnson, K., og Rannveig Traustadóttir (ritstjórar). (2005). *Deinstitutionalization and people with intellectual disabilities: In and out of institutions*. Jessica Kingsley.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2018, 2. október). Alþjóðlegur dagur þroskaþjálfa. *Visir.is*. <https://www.visir.is/g/20181906653d>

Kristín Björnsdóttir og Lilja Össurardóttir. (2015). Hver er lögsaga þroskaþjálfa? Starfsvettvangur, menntun og viðhorf þroskaþjálfa. *Sérrit Netlu – Hlutverk og menntun þroskaþjálfa*. https://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk_og_menntun_throskathjalfa/004.pdf

Lawson, A., og Beckett, A. E. (2021). The social and human rights models of disability: Towards a complementarity theses. *The International Journal of Human Rights*, 25(2), 348–379. <https://doi.org/10.1080/13642987.2020.1783533>

Lög um Kennaraháskóla Íslands nr. 137/1997.

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Quinn, G. (2009). Bringing the UN Convention on rights for persons with disabilities to life in Ireland. *British Journal of Learning Disabilities*, 37(4), 245–249. <https://doi.org/10.1111/j.1468-3156.2009.00578.x>

Rannveig Traustadóttir. (2004). Hugleiðingar um menntun og störf þroskaþjálfa á nýrri öld. *Þroskaþjálfinn* 7(1), 14–17.

Rannveig Traustadóttir (ritstjóri). (2006). *Fötun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. Háskólaútgáfan.

Reglugerð um störf, starfsvettvang og starfshætti þroskaþjálfa nr. 215/1987.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. (2007). <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2013/CRPD-islensk-thyding---lokaskjal.pdf>

Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Vísindi og vald. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1(1), 31–41.

Stevens, P. (2013). *Social pedagogy: Heart and head. Studies in comparative social pedagogies and international social work and social policy* (XXIV bindi). Europäischer Hochschulverlag.

Tøssebro, J., Bonfils, I. S., Teittinen, A., Tideman, M., Rannveig Traustadóttir og Vesala, H. (2012). Normalization fifty years beyond: Current trends in the Nordic countries. *Journal of Policy and Practice in Intellectual Disability*, 9(2), 134–146.

Vilborg Jóhannsdóttir og Jóna Ingólfssdóttir. (2018). Social pedagogy in a human rights context: Lessons from primary schools in Iceland. *International Journal of Social Pedagogy*, 7(1), 3. <https://doi.org/10.14324/111.444.ijsp.2018.v7.1.003>

Vilborg Jóhannsdóttir og Kristín Lilliendahl. (2015). Þróun starfa íslenskra þroskaþjálfa í alþjóðlegu ljósi. *Sérrit Netlu – Hlutverk og menntun þroskaþjálfa*. https://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk_og_menntun_throskathjalfa/007.pdf

Þorvaldur Kristinsson. (2015). *Þroskaþjálfar á Íslandi: Saga stéttar í hálfá öld*. Þroskaþjálfafélag Íslands.

Þroskaþjálfafélag Íslands. (e.d.). Starfskenning þroskaþjálfa. <http://www.throska.is/is/um-felagid/thi/starfskenning-throskathjalfa>

Um menntun þroskaþjálfa

Bryndís Víglundsdóttir var skólastjóri Þroskaþjálfaskóla Íslands frá árinu 1976 þegar skólinn varð að sjálfstæðri stofnun og þar til hann var lagður niður árið 1988 þegar þroskaþjálfanámið varð hluti af námi í Kennaraháskóla Íslands. Í greininni hér að neðan horfir Bryndís um öxl og rifjar upp erindi sem hún hélt um þroskaþjálfanámið og framtíð þess árið 1986.



Bryndís Víglundsdóttir

Menntun þroskaþjálfa hefur tekið miklum breytingum frá því fyrst var byrjað að kenna „umönnun vangefinna“ á Kópavogshæli. Vorið 1986 hélt ég erindi á fundi hjá Félagi þroskaþjálfa og ræddi þar um þróun menntunarinnar og framtíðarsýnina. Menntun þroskaþjálfa hefur ævinlega verið menntun í þróun og vona ég innilega að svo sé enn. Grískir heimspekingar héldu því fram að án fortíðar væri engin nútíð og án nútíðar væri engin framtíð.

Í fyrstu tíð var ekki mikill metnaður í samfélaginu fyrir hönd stéttar þroskaþjálfa, en það var mikill metnaður við skólann. Ég átti þann draum að þroskaþjálfamenntunin yrði svo víðfeðm að kunnátta þroskaþjálfa yrði eftirsótt í fjölmörgum kimum samfélagsins, ekki einungis á stofnunum og heimilum fólks með þroskahömlun heldur líka í grunnskólum landsins þar sem gæfa fjölda barna getur ákvarðast af því að þau fái að njóta þekkingar og fagmennsku þroskaþjálfa. Ég sá fyrir mér þroskaþjálfa í vinnu með öldruðum og lögreglumenn sem í grunninn væru þroskaþjálfar. Hvarvetna heyrði ég ákall samfélagsins um starfskrafta þroskaþjálfa. Mikið hefur áunnist og ég gleðst innilega þegar ég frétti af góðum verkum þroskaþjálfa mjög víða í samfélaginu. Auðvitað kostaði það mikla vinnu og stundum átök allra sem að málinu komu að þróa námið og skólann svo að hann teldist vera gjaldgengur sem deild í Háskóla Íslands.

Ekki sáu allir þroskaþjálfar þörf á þessu „brölti“. En ég hygg að nú hugsi enginn þannig. Ég óska ykkur, kæru þroskaþjálfar, áframhaldandi gæfu og velfarnaðar.

Ég birti hér til fróðleiks nokkra punkta um menntun þroskaþjálfa og hugleiðingar mínar og væntingar til framtíðarinnar eins og þær voru vorið 1986 og bið ykkur að lesa þá.

Haustið 1958 var byrjað að kenna umönnun vangefinna á Kópavogshæli. Skólinn, sem þá var stofnaður, var nefndur Gæslusyrstraskóli. Námsefni og kennslutillögum var aðallega sniðið eftir dönskum fyrirmyndum og frá upphafi var námið bæði

bóklegt og verklegt og námstíminn tvö ár. –

Haustið 1959 var í fyrsta skipti auglýst eftir nemendum og hófu fjórar stúlkur námið. Upphaflegt starfsheiti útskrifaðra nemenda skólans var gæslusystir. Nemendafjöldinn smájókst og bætt var við ýmsum þáttum í náminu. Veturinn 1964–65 var t.d. bætt við söng og gítarleik, tveim tímum á viku, aðrar greinar voru sömu og áður og sömu bækur notaðar. Veturinn 1971–72 var kennt: „um sjúkdóma, almenna sjúkdóma, lyfjafræði, geðsjúkdóma og sjúkdóma sem valda fávítahætti“.

Árið 1971 var nafni skólans breytt með reglugerð sem gefin var út með heimild í 15. gr. laga frá 1967 um fávítastofnanir. Nafni skólans var breytt úr Gæslusyrstraskóla í Þroskaþjálfaskóla Íslands og starfsheiti þeirra, sem luku námi, varð þroskaþjálfar. Skólinn starfaði fyrstu níu árin án lagalegs grundvallar. Kostnaður allur var greiddur af fjárveitingum til Kópavogshælis. En frá og með 1971 fékk skólinn sérstaka fjárveitingu og hefur verið svo síðan. Allt þetta skiptir máli þegar þróun skólans er athuguð. Nemendur fengu laun í námi allt frá upphafi fram til vors 1977. Í reglugerðinni frá 1971 var m.a. getið

um námsgreinar og fjölda kennslustunda. Nú þykir við eiga að slík upptalning sé í námskrá eða námsvísi.

Matthías Bjarnason, þáverandi ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála, undirritaði nýja reglugerð fyrir skólann 4. júlí 1977. Sú reglugerð var, eins og áður er sagt, sett í framhaldi þess að lögum um fávítastofnanir, eins og þau tóku til Þroskaþjálfaskóla Íslands, var breytt. Þá voru viðhorf til vangefinna einnig að breytast, meiri krafa var gerð um þjálfun og uppeldi – og krafist var „fullgilds“ skóla fyrir þroskaþjálfu. Með breyttum lögum var heimilað að ráðinn skyldi skólastjóri að skólanum og hefði hann það að aðalstarfi að stjórna skólanum.

Í reglugerðinni, sem var sett 1977, var tekið fram að hlutverk þeirra sem hafa lokið námi frá skólanum sé að *annast þjálfun þroskaheftra*. Það er rétt að taka fram að með lögum nr.18 frá 1978 um þroskaþjálfu eru starfsheiti og starfsréttindi þroskaþjálfu lögvernduð en hlutverk þeirra er samkvæmt löggiöfinni að annast umönnun, uppeldi og þjálfun þroskaheftra. Hér má geta þess að íslenskir kennarar fengu fyrst nú í vetur, árið 1986, starfsheiti sitt lögverndað.

Skólinn var til húsa fyrstu árin og allt fram til febrúar árið 1984 á Kópavogshæli. Var hann fyrst í svokallaðri stjórnunarbyggingu en í október 1976 fékk hann Gamla Holdsveikrahælið til afnota. Hafði það þá verið gert upp og lagað mjög vel fyrir skólann. Í þessu húsi var gott að vera og má segja að öllum hafi liðið þar vel. En auðvitað var þar þröngt um okkur og í raun og veru erfitt að hafa þar skólastarfsemi. Einkum var erfitt fyrir nemendur að þeir áttu hvergi afdrep og eins var með kennarana. En það sem var þó einna verst var að í ljós kom að húsið lak mjög illa, veggir og gluggar héldu ekki vatni þannig að oft urðum við að byrja daginn með því, þegar hann rigndi á suðaustan, að ausa upp ókjörum af vatni. Þetta var auðvitað alveg óþolandi ástand og var svo komið að ekki var líft í skólastofunum fyrir fúkka og sagga. Allir voru sammála um að skólinn yrði að fá nýtt húsnæði. Auðvitað sóttist ég eftir húsnæði í námunda við strætisvagnaleið og það fór svo að fundið var húsnæði í Skipholtinu. Staðsetningin er góð, húsnæðið gott en nokkuð vantar á aðstöðuna.

Fyrstu ár skólans, allt fram til 1976, var verknámið allt á Kópavogshæli. Nemendur voru starfsmenn á hælínu, vinnuafli sem gert var ráð fyrir í mannráðningum og fengu þeir laun fyrir störf sín. Þegar ég var beðin um að taka að mér stjórn skólans var afnám þessa fyrirkomulags eitt af því sem ég setti á oddinn. Ég taldi þá og tel enn að nemendur megi aldrei vera

lágt launaðir starfsmenn á verknámsstað. Þeir eiga að vera vel virtir nemendur sem búa sig undir að verða vel virtir og færir sérfræðingar. Aðra ímynd mega þeir ekki skapa. Hætt var að greiða nemendum laun vorið 1977.

Annað sem ég fór strax að undirbúa, þegar ég hóf störf við Þroskaþjálfaskólann, var að fá samvinnu við fleiri verknámsstaði en Kópavogshælið. Ég taldi og tel að þörf sé á víðsýni og þörf sé á að kynnast hverju námsefni, í þessu tilfelli þroskaskerðingu, frá fleiri en einni hlið. Öllum starfstéttum er hætt við að einangrast við verkefni sín, sjá lítið annað en það sem þær takast á við daglangt og verða sérmál stéttarinnar. Því verða málin oft miklu stærri í hennar augum og veigameiri en aðrir álíta þau vera. Ég tel að þekking okkar og skilningur ákvarðist í raun að mjög miklu leyti af þekkingu og kynnum okkar af öðrum aðstæðum, annarri aðkomu að málum því að við skynjum alla hluti með hliðsjón af fyrri reynslu okkar. Vandamálin á hverjum stað fá aðra stærð, annan blæ þegar okkur skilst að lifandi fólk kallar á ýmsar aðgerðir, samhjálp og lausnir. Því var það að ég fór fljótlega að hafa samband við ýmsa aðila og árangurinn varð sá að nú fara nemendur okkar á fjölda staða til verknáms.

Allt frá 1977 höfum við boðið nemendum okkar fjölbreytt val verknámsstaða og höfum haft fyrrgreind sjónarmið að leiðarljósi. Með því að verknám var í raun álitid nám jafngilt bóklegu námi allt frá hausti 1976 var ráðinn sérstakur verknámskennari. Var hlutvark hans að fylgja nemendum eftir á verknámsstað, hlúa að námsaðstæðum þeirra og vera tengiliður skólans og verknámsstaðanna.

Í janúar 1981 veitti þáverandi fjármálaráðherra, Ragnar Arnalds aukafjárveitingu til skólans til þess að greiða leiðbeinendum í verknámi laun fyrir leiðbeinendavinnu þ fleirra. Með þessu var brotið blað í kennslusögu skólans því að nú var hægt að ráða leiðbeinendur á verknámsstað og ætlast til að þeir veittu nemendum ákveðna þjónustu. Hefur það samstarf gengið mjög vel og verið hið ánægjulegasta. Trúi ég að bæði nemendur og stofnanir þær sem veita þeim aðstöðu til verknáms hafi haft hag af samstarfinu.

Í vetur voru nemendur Þroskaþjálfaskóla Íslands á fjölmörgum stöðum eins og fyrr segir og leiðbeinendur margir. Nemendur eru í ár óvenju fáir, aðeins 43, voru í fyrra 76.

Í fyrstu var, eins og fyrr sagði, aðallega róid á dönsk mið og leitað fyrirmynda þaðan. En með breyttu skipulagi á starfsemi skólans var farið að leita fanga

víðar en til Danmerkur. Þannig sækir skólinn nú fyrirmyndir um námsefni til allra nágrannalandanna, auk þess sem mikið er sótt til Bandaríkjanna.

Nú er skólinn orðinn viðurkenndur skóli uppeldisstéttar. Þeir sem bera skynbragð á uppeldisstörf vita að þroskaþjálfar menntaðir í dag eru uppeldisstétt. Þetta hefur gerst með því að áherslan á uppeldisgreinar hefur sífellt aukist í skólanum. Það er í takt við þau *viðhorf samfélagsins að þroskaskerðing sé afstætt hugtak og ráði í raun þroskandi uppeldi og þjálfun* miklu um hvernig fer um eða hvað verður um hinn þroskahefta einstakling. Þroskaskerðing er sem sagt ekki óumbreytanlegt ástand. Flestum má koma til nokkurs þroska en til þess að svo megi verða þarf sá sem uppeldið og þjálfunina stundar að kunna til verka.

Þrátt fyrir síaukna og sívakandi áherslu á uppeldisgreinar við skólann má umönnunarþátturinn, sá sem snýr að líkamanum ekki gleymast. Enda hefur hann síður en svo gleymst við skólann. Réttara væri að segja að nú séu aðrar áherslur en voru á fyrstu árum skólans. Þannig eru nú kenndar aðferðir til að þjálfna líkamann, kenndir eru frumþættir varðandi umönnun líkamans, kenndir eru frumþættir hjúkrunar og enn er nemendum veitt staðgóð þekking á lyfjum. Er hið síðastnefnda kennt vegna eindreginna óska starfsmanna á sólarhringsstofnunum.

Nú er sátt um þau viðhorf að þroskaheftir einstaklingar skuli á hverjum tíma lifa í og njóta eins eðlilegs umhverfis og unnt er og búa við líkar aðstæður og aðrir þegnar samfélagsins. Í takti við þau viðhorf teljum við rétt að íbúar sambýla og hæla sem veikjast njóti hjúkrunar og sjúkrahúsvistar á sjúkrahúsum eins og aðrir þegnar samfélagsins. Þeir fari á sjúkrahús ef þeir veikjast alvarlega, fari til læknis ef þeir veikjast og njóti sams konar þjónustu heilbrigðiskerfisins og allir aðrir. Því höfum við dregið svo mjög úr hjúkrunarkennslu hér og raun ber vitni. Vonum við að við séum á réttri braut í þessu máli en þó er auðvitað rétt að vera vakandi yfir því hvernig stefnan, sem nú er í þessum málum í skólanum, nýtist þroskaþjálfum og skjólstaðingum þeirra.

Sagt hefur verið að við getum merkt ástand hverrar þjóðar á því hvernig hún annast þá þegna sína sem þarfnast hjálpar – sökum veikinda, elli og fötlunar. Nemendur Þroskaþjálfaskóla Íslands leitast einkum og sér í lagi við að starfa með fólki sem fékk ekki fullgefið í upphafi. Best væri að sleppa öllum nafngiftum og koma aðeins auga á manneskjuna sem er í hverjum einstaklingi hvort sem hann fékk meira

eða minna gefið í vöggugjöf. Ég bið ykkur að huga að því að okkur var öllum gefið atgervi okkar, sumir fengu bara minna/meira en aðrir.

Varla hefur það farið fram hjá fólki að undanfarið hefur verið nokkur umræða um skólamál hér á landi. Að vísu einkennist umræðan mjög af umfjöllun um kjör kennara en þá er einnig og í tengslum við kjarumræðuna rætt um innra starf skólans. Margir álíta að þetta tvennt kunni að tengjast. Þroskaþjálfaskóli Íslands er auðvitað hluti hins íslenska skólakerfis. Þannig ráðast örlög hans líklega að einhverju leyti af því hvað verður um íslenska framhaldsskólann.

Hver er svo framtíðarsýnin?

Þroskaþjálfaskólanum voru sett lög sumarið 1985 og var þeim ætlað að tryggja skólann í sessi. Ekki hefur enn verið samin reglugerð með nýju lögunum. Nú er lagaleg staða skólans sú að í frumvarpi til laga um framhaldsskólann á Íslandi, sem nú er í áframhaldandi vinnslu hjá menntamálanefnd Alþingis, segir að lögin um Þroskaþjálfaskólann muni falla úr gildi við gildistöku nýrra laga. Verði framtíð skólans þá háð ákvörðun Alþingis. Hið sama er að segja um ýmsa aðra sérskóla. Þetta þykir mér óviss framtíðarsýn því ég tel að miklu máli skipti fyrir skjólstaðinga skólans að hann fái að starfa áfram og halda áfram að mennta þroskaþjálfna. Ég tel nauðsynlegt að Alþingi setji skólanum lög. Skólinn starfaði í upphafi án lagalegrar heimildar og þótti það ekki góður kostur.

Skólastjórum allra framhaldsskóla og sérskóla var sent frumvarpið til laga um framhaldsskólann til umsagnar. Ég hef unnið í nefnd kvenna sem eru í fræðslustörfum og við höfum skoðað drögin mjög vandlega. Ég sendi smiðum frumvarpsins athugasemdir mínar út frá sjónarhóli Þroskaþjálfaskólans og lagði ríka áherslu á það í athugasemdunum mínum til menntamálaráðuneytisins að skólinn verði ekki látinn svífa í lausu lofti heldur verði kveðið á um það með lögum hver starfsvettvangur skólans, réttindi hans og skyldur væru.

Ég sé fyrir mér í framtíðinni tvenns konar starfsemi Þroskaþjálfaskóla Íslands. Í fyrsta lagi verði hér áframhaldandi 3ja ára nám fyrir þroskaþjálfna. Vel mætti hugsa sér deildaskipt nám og myndu nemendur velja sér braut eftir áhugasviði. Einnig mætti hugsa sér að hluti námsins væri í samfloti með greinum í kennaranámi, t.d. sálfræðin. Alveg er tímabært að athuga af mikilli alvöru hvort ekki er orðið tímabært að Þroskaþjálfaskóli Íslands færist yfir í HÍ, hvern-

ig sem það yrði gert. Börn, sem fæðast fullgefin, fá kennara með menntun úr háskóla og virðist einsýnt að börn/fólk, sem fékk ekki fullgefið, fái kennara/þjálfunaraðila með sama stig menntunar.

Í öðru lagi tel ég að mennta ætti stöðstétt við þroskaþjálfu, þroskaliða.

Væri það tveggja ára nám og stæði til boða í Þroskaþjálfaskólanum. Inntökuskilyrði væri grunnskólapróf og 2ja ára starf á stofnun. Þessir nemendur myndu vinna á stofnun með náminu og væri námið byggt upp þannig að mjög lítil krafa væri gerð til heimanáms, námið færi fram í tímum í skólanum og undir leiðsögn verknámskennara á stofnuninni þar sem nemandinn vinnur. Ég sé þennan starfskraft sem valkost við ófaglært starfsfólk sem er í dag tekið inn af götunni og sett til starfa á öllum hælum og öllum stofnunum þroskaheftra og fatlaðra. Og svari hver fagmaður, sem ber ábyrgð á starfinu á stofnun, hvort betra er að taka við starfsmanni af götunni eða taka við starfsmanni sem verið er að fræða á þennan hátt. Auk þess tel ég að nám fyrir þroskaliða verði að öllum líkindum boðið í fjölbrautaskólum á Íslandi. Þá er rétt að spyrja hvort þessu námi væri betur borgið hjá okkur eða í hinum ýmsu fjölbrautarskólum. Við höfum mannafla til þess að kenna, við höfum bóka-kost, við höfum reynslu af og þekkingu á stofnunum sem okkar fólk er á og við höfum fullan vilja til að mennta þessa stöðstétt.

Í þriðja lagi tel ég að hér eigi að vera tilboð til þroskaþjálfu sem hafa menntast áður fyrr í skólanum um að þeir geti bætt við og endurnýjað menntun sína. Kennaraháskóli Íslands hefur ákveðið að opna þroskaþjálfum og fósturum aðgang að framhaldsnámi innan veggja sinna. Þessi ákvörðun var tekin eftir að starfsmenn frá Kennaraháskóla Íslands höfðu grandskoðað námsefni Þroskaþjálfaskólans og komist að því að það væri á allan hátt þannig að það fullnægði

öllum kröfum um áframhaldandi nám í Kennaraháskólanum. Þetta tel ég vera mjög eðlilega þróun og í takti við það sem hér hefur verið unnið að.

Ef í ljós kemur að umsækjandi um framhaldsnám sem ef til vill lauk námi fyrir tuttugu árum þarf að bæta við greinum sem nú eru kenndar við Þroskaþjálfaskóla Íslands eru dyrnar hér auðvitað opnar.

Skólinn mun þróast áfram og leitast við að bæta sífellt námstilboð til nemenda og starfandi þroskaþjálfu. Það er mikil vinna að þróa skólastarf, vinna fyrir stjórnendur skólans, nemendur og kennara. Til þess að það megi takast þarf góðan vilja og trú á vægi starfsins.

Kæru þroskaþjálfar! Nú eru mörg ár liðin frá því að þessi orð voru töluð og enn þurfum við að búa yfir góðum vilja og trú á vægi starfs þroskaþjálfu. Sumt af því, sem ég viðraði í erindi mínu 1986, hefur orðið að veruleika og annað ekki. Það er bara eins og gengur í lífinu!

Ég kvaddi nemendur sem voru að ljúka námi fyrir tuttugu og fimm árum með orðum sem Páll postuli skrifaði til safnaðarins í Filippíborg og ég ætla að ljúka orðum mínum til ykkar á sama hátt.

„Að endingu, bræður, allt sem er satt, allt sem er sómasamlegt, allt sem er rétt, allt sem er hreint, allt sem er elskuvert, allt sem er gott til afspurnar, hvað sem er dyggð og hvað sem er lofsvert, hugfestið það. Þetta sem þér hafið lært og numið, heyrt og séð, það skulið þér gjöra. Og guð friðarins mun vera með yður.“

Megi gæfan ykkur geyma,

*Bryndís Víglunds dóttir, fyrrum skólastjóri
Þroskaþjálfaskóla Íslands.*

Menntun þroskaþjálfa þróast í takt við breytt samfélag og nýjar kröfur

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að stofnað var til tveggja ára náms gæslusystra við Kópavogshæli árið 1958, en náminu var ætlað að þjálfa starfsfólk sem sinnti umönnun og gæslu fatlaðs fólks á sólarhringsstofnunum. Á síðustu sex áratugum hefur menntun þroskaþjálfa þróast í takt við samfélagsbreytingar, mannréttindabaráttu fatlaðs fólks og aukna vitund um réttinda allra til virkrar þátttöku í samfélaginu. Starfsvettvangur þroskaþjálfa er í dag ákaflega fjölbreyttur og má segja að þroskaþjálfar starfi á öllum sviðum samfélagsins.



Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Kolbrún Þ. Pálsdóttir

Saga og sérstaða námsins

Námið er þverfræðilegt og að mörgu leyti einstakt í heiminum. Því erfitt er að finna að fullu sambærilegt starfsheiti eða heiti á fræðigreini. Skipulag námsins tekur mið af lögum og reglugerð um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfa, enda er hægt að sækja um starfsréttindi þroskaþjálfa að námi loknu. Námið til starfsréttinda í þroskaþjálfrafræði miðar að því að nemendur öðlist þekkingu og hæfni til þess að veita heildræna þjónustu og ráðgjöf í þeim tilgangi að styðja við fullgilda samfélagsþátttöku, mannréttindi, sjálfræði og lífsgæði fólks. Nemandur eru búnir undir að starfa í þverfaglegu umhverfi við að fjarlægja samfélagslegar hindranir sem koma í veg fyrir að fólk njóti fullra mannréttinda.

Þroskaþjálfaskóli Íslands var stofnaður árið 1971 en menntun þroskaþjálfa færðist á háskólastig árið 1998 þegar námið varð hluti af Kennaraháskóla Íslands, sem síðar varð Menntavísindasvið Háskóla Íslands, við sameiningu KHÍ og Háskóla Íslands. Námið var

upphaflega skipulagt sem þriggja ára BA- nám og geta nemendur valið um staðnám eða lotubundið fjar-nám. Árið 2018 var reglugerð um menntun þroskaþjálfa breytt á þann veg að gerð er krafa um 180 eininga BA- nám í þroskaþjálfrafræðum og 60 eininga diplómunám á framhaldsstigi í þroskaþjálfrafræðum.

Endurskoðun og lenging námsins

Ákvörðun um lengingu námsins var tekin af stjórnvöldum í kjölfar háværra radda um auknar fagkröfur til þroskaþjálfa, ekki síst innan fagstéttarinnar sjálfar. Í skýrslu starfshóps,

sem skipaður var árið 2016 til að greina sóknarfæri í menntun þroskaþjálfa, kom fram skýr krafa um lengingu náms og að þroskaþjálfrafræðin styrkist sem fræðasvið. Meðal annars var lögð áhersla á að námið miðlaði þekkingu á mannréttindasáttmálum, hugmyndafræðilegri nálgun í starfi, algildri hönnun og hagnýtum valdeflandi, og árangursríkum leiðum í þjónustu.

Rannsóknir á námi og starfi þroskaþjálfa hér á landi sýna að starfsvettvangur þroskaþjálfa hefur víkkað og fagþekking þroskaþjálfa nýtist víðar til að styðja fólk til samfélagsþátttöku (Berglind Bergsveinsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir, 2015). Ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018) gera kröfur um að sveitarfélög ráði til sín þroskaþjálfa til að sinna verkefnum í þjónustu við fatlað fólk. Einnig hefur komið fram að um 42% þroskaþjálfa vinna innan menntakerfis og á skóla- og frístundasviði (Kristín Björnsdóttir og

Lilja Össurardóttir, 2015) og að þroskaþjálfar gegna mikilvægu hlutverki í að skapa inngildandi skóla- og frístundaumhverfi (Vilborg Jóhannsdóttir og Jóna G. Ingólfssdóttir, 2018).

Könnun meðal nemenda, sem innrituðust árið 2018 og 2019, gaf til kynna að flestir þeirra sjái fram-tíðarstarfsvettvang sinn sem þroskaþjálfar í ráðgjafar-þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, á skóla- og frístundasviði og í búsetuþjónustu. Við spurningunni um hvað ætti að kenna eða dýpka í viðbótardiplómu voru eftirfarandi svör áberandi: persónumiðuð þjón-usta og ráðgjöf, mat á þjónustuþörf og matstæki, tjá-skiptatækni, þjónusta við fatlað fólk sem þarf mikinn stuðning, velferðarkerfið, stjórnsýsla og félagsþjón-usta, sjálfræði, réttindagæsla og hagnýt verkfæri á ólíkum vettvangi.

Skipulag og áherslur námsins

Kennarar og fulltrúar nemenda skipa námsnefnd sem ber ábyrgð á endurskoðun og þróun náms-ins. Stígandinn í BA-náminu í þroskaþjálfarafræði er þannig að á fyrsta ári er fjallað um helstu stöðgrein-ar eða undirstöður námsins. Þar öðlast nemendur grundvallarþekkingu í þroskaþjálfarafræði og tengd-um fræðigreinum. Nemendur kynnast sögu mann-réttindabaráttu fatlaðs fólks og þróun þroskaþjálf-a-stéttar, fá innsýn í stöðu jaðarsettra hópa í íslensku samfélagi og kynningu á starfsvettvangi þroskaþjálf-a (Háskóli Íslands, 2021a).

Á öðru ári fær námið meiri og skýrari tengingu við fræði og störf þroskaþjálfara, m.a. með viðtækri þekkingu á margbreytilegu þroska- og þróunarferli manneskjunnar, óhefðbundnum tjáskiptaleiðum, persónumiðaðri þjónustu og samvinnu þroskaþjálf-a við einstaklinga og fjölskyldur. Á vörmisseri fara nemendur í fyrsta heildstæða vettvangsnám sitt, í því fá nemendur tækifæri til að taka virkan þátt í starfi þroskaþjálfara og í því að veita persónumiðaða þjónustu á vettvangsstað.

Á þriðja ári eykst ábyrgðin í náminu með undirbúningi undir BA-verkefni og fjölgun valnámskeiða. Þá er sjónarhornið á hlutverk þroskaþjálfara víkkað á þessu ári, annars vegar með námskeiði um fagmennsku og forystu í starfi og hins vegar með nýju námskeiði um störf þroskaþjálfara á alþjóðavettvangi. Þá sækja nemendur námskeiðið *Í brennidepli – málstofa í þroskaþjálfarafræði*. Í lok náms-keiðið skipuleggja nemendur opið málþing, þar sem þeir kynna lokaverkefni sín. Málþingið var haldið í

fyrsta skipti í apríl 2021 og nemendur leystu það krefjandi verkefni að skipuleggja málþing á tímum heimsfaraldurs með glæsibrag.

Tvö kjörsvið á fjórða ári

BA-gráða í þroskaþjálfarafræði með fyrstu einkunn veitir rétt til þess að sækja um nám í 60e viðbótardiplómu til þess að fá starfsleyfi sem þroskaþjálfari. Nemendur geta valið á milli tveggja kjörsviða, *Sjálfræði og sjálfstætt líf* og *Heildstæð menntun og ævinám* (Háskóli Íslands, 2021b).

Á kjörsviðinu *Sjálfræði og sjálfstætt líf* er lögð áhersla á mikilvægi sjálfræðis í lífi fólks. Fjallað verður um sjálfræði og sjálfstætt líf fatlaðs fólks, kynverund, stuðning til sjálfstæðis og sjálfræðis, valdeflandi leiðir í þjónustu, virkt notendasamráð og valdeflingu jaðarsettra hópa.

Á kjörsviðinu *Heildstæð menntun og ævinám* er sjónum beint að hlutverki þroskaþjálfara á ólíkum stigum og sviðum menntakerfis. Hugmyndafræðin um inngildandi menntun verður sett í samhengi við hugmyndir, lykillugtök og faglegar áherslur þroskaþjálfarafræða. Horft er til leiðtoga- og ráðgjafa-hlutverks þroskaþjálfara í íslensku menntakerfi, með áherslu á stuðning við virka og fulla þátttöku, teymisvinnu og þverfaglegt samstarf.

Á vörmisseri í viðbótardiplómu fara nemendur í seinna heildstæða vettvangsnámið á námsleiðinni, á starfssviði sem tengjast kjörsviði þeirra. Nemend-ur fá tækifæri til þess að tengja saman fag og fræði og dýpka starfstengda þekkingu, færni og hæfni. Áhersla er lögð á virka þátttöku í öllum þeim þátt-um er felast í starfi þroskaþjálfara, þar sem sjónum er beint að réttindagæslu-, ráðgjafar- og leiðtogahlut-verki þroskaþjálfara, teymisvinnu, þverfaglegu sam-starfi og samráði við notendur þjónustu. Nemendur geta einnig valið úr fjölbreyttum valnámskeiðum og sérhæfa sig á því sviði sem þeir kjósa. Að við-bótardiplómunni lokinni geta útskrifaðir nemend-ur sótt um starfsleyfi sem þroskaþjálfar. Hægt er að bæta við einu ári og ljúka þá meistaranámi í þroska-þjálfarafræði.

Samvinna um vettvangsnám

Vettvangsnám er undirstaða verklegar þjálfunar og þekkingar á störfum þroskaþjálfara. Lenging þroska-þjálfana kallar á endurskoðun og þróun námsins með tilliti til heildarskipulags, inntaks, hæfniviðmiða,

samsþils fyrra og seinna vettvangsnáms, samvinnu Háskólans við vettvang, úthlutun vettvangsstaða og ráðningu leiðbeinanda á vettvangi.

Leiðbeinendur í vettvangsnámi eru reyndir þroskaþjálfar og hafa þeir umsjón með námi og verkefnum nemenda í samvinnu við umsjónarkennara vettvangsnámskeiða. Á milli leiðbeinenda og nemenda skapast gjarnan traust og dýrmæt tengsl og sýna kannanir á viðhorfum nemenda að leiðbeinendur á vettvangi eru þeim ákaflega mikilvægar fyrirmyndir og mentorar. Nemendur hafa kallað eftir meira vettvangsnámi og ljóst er að sóknarfæri eru í því að endurskoða tilhögun vettvangsnámsins.

Starfshópur um þróun vettvangsnáms hóf störf í apríl 2021 og í honum eru fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands og fulltrúar kennara og nemenda þroskaþjálfrafræðibrautar. Hlutverk starfshópsins er að endurskoða og gera tillögur um þróun vettvangsnáms á þroskaþjálfrafræðibraut og áætlað er að starfshópurinn kynni niðurstöður sínar fyrir árslok 2021.

Námstækifæri fyrir starfandi þroskaþjálfra

Rík áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir og væntingar starfandi þroskaþjálfra, bæði við áframhaldandi þróun framhaldsnáms og með því að bjóða upp á styttri diplómunám sem nýtist þeim sem vilja efla sig í starfi.

Boðið er upp á tvær línur í meistaranámi, annars vegar rannsóknarmiðað og hins vegar starfsmiðað 120e MA-nám í þroskaþjálfrafræði. Í MA-námi er áhersla lögð á að nemendur greini stöðu fatlaðs fólks og annarra jaðarhópa út frá félagslegum skilningi á fötlun og margbreytileika. Fjallað er um nýjar áherslur og leiðir í þjónustu sem þroskaþjálfar veita úti á vettvangi og þær áskoranir sem þeir standa frammi fyrir á hverjum tíma.

Einnig býður Menntavísindasvið upp á 30e viðbótardiplómu í þroskaþjálfrafræði sem er sérstaklega ætluð þroskaþjálfum sem vilja styrkja sig í starfi. Nemendur velja úr tilboði nýrra námskeiða. Áhersla er lögð á að nemendur tengi viðfangsefni og verkefni námskeiða við daglegt starf.

Við hlökkum til þess að fá í framhaldsnám enn fleiri starfandi þroskaþjálfra. Þannig verður til sterkari brú fræða og fags því að nemendur taka virkan þátt í að þróa og móta námssamfélagið.

Verið velkomin í Háskólann!

Heimildir:

Berglind Bergsveinsdóttir og Vilborg Jóhannsdóttir. (2015). Sérþekking og þróun í starfi: Viðhorf reyndra þroskaþjálfra til nýrra áskorana. *Netla. Vef tímarit um uppeldi og menntun – Sér rit um hlutverk og menntun þroskaþjálfra*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands. (2021a). Þroskaþjálfrafræði, BA. <https://www.hi.is/throskathjalfafraedi>

Háskóli Íslands. (2021b). Þroskaþjálfrafræði til starfsleyfis sem þroskaþjálfri. https://www.hi.is/throskathjalfafraedi_vidbotardiploma_til_starfsleyfis_60e

Háskóli Íslands. (2021c). Þroskaþjálfrafræði, 30e viðbótardiplóma. https://www.hi.is/throskathjalfafraedi_vidbotardiploma_30e

Kristín Björnsdóttir og Lilja Össurardóttir. (2015). Hver er lögsaga þroskaþjálfra? Starfsvettvangur, menntun og viðhorf þroskaþjálfra. *Netla. Vef tímarit um uppeldi og menntun – Sér rit um Hlutverk og menntun þroskaþjálfra*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk_og_menntun_throskathjalfa/004.pdf

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018

Vilborg Jóhannsdóttir og Jóna G. Ingólfssdóttir. (2018). Social pedagogy in a human rights context: Lessons from primary schools in Iceland. *International Journal of Social Pedagogy*, 7(1). <https://doi.org/10.14324/111.444.ijsp.2018.v7.1.003>

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg er formaður námsleiðar og aðjúnkt í þroskaþjálfrafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Kolbrún Þ. Pálsdóttir er forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Á tímum kórónuveirunnar-Covid

Vegna áhrifa kórónuveirunnar-Covid hefur þurft að gera frekar miklar breytingar til að geta haldið áfram að sinna þjónustunotendum okkar. Í ljósi þess var leitað til nokkurra þroskaþjálfra og þeir beðnir um að skrifa um áskoranir, breytingar eða áunninn lærdóm í störfum þeirra í þessari baráttu. Hér gefur að líta nokkrar frásagnir úr starfi þroskaþjálfra.

Fræðslunet Suðurlands

Lilja Össurardóttir, þroskaþjálfari, er verkefnastjóri hjá Fræðsluneti Suðurlands og segir frá þeim áskorunum sem þar hefur þurft að verða við vegna Covid-19.

Fræðslunetið, símenntun á Suðurlandi, sér um símenntun fatlaðs fólks á Suðurlandi og nær starfssvæði þess allt frá Hveragerði til Hafnar í Hornafirði. Flest námskeið eru haldin á Selfossi en námskeið eru alltaf haldin reglulega í Þorlákshöfn, Vík í Mýrdal og á Höfn í Hornafirði, en það fer allt eftir staðsetningu markhópsins.

Námskeiðin eru skipulögð í önnum; haustönn sem byrjar í september og vorönn sem hefst í janúar, og eru það 65-75 einstaklingar sem sækja námskeið á Selfossi hverja önn. Á heimasíðu Fræðslunetsins má sjá úrval þeirra námskeiða sem eru í boði en matreiðslunámskeið eru ætíð vinsælust og svo hefur námskeið í textíl verið vinsælt síðustu ár. Minni ásókn er í bókleg námskeið en námskeið í íslensku og stærðfræði eru þó alltaf haldin reglulega. Reynt er að koma til móts við óskir þátttakenda um ný námskeið og til að kanna hug þeirra er starfandi ráðgjafagengi hjá Fræðslunetinu. Það er hópur þátttakenda sem hittist á fundi með verkefnastjóra og ræðir hvernig námskeiðin ganga og hugsanleg



Lilja Össurardóttir

ný námskeið. Kennarar koma einnig með nýjar hugmyndir sem byggja á fyrri kennslu þeirra og falla þau námskeið oftast vel í kramið.

Fyrir nærri ári síðan var nám í fullum gangi hjá okkur þegar smitum vegna Covid-19 veirunnar fór fjölgandi hér á landi. Þegar nýjar reglur og samkomubann voru sett þann 13. mars þurfti Fræðslunetið að færa allt nám sitt í fjarnám eins og aðrar menntastofnanir og húsnæði Fræðslunetsins var lokað fyrir utan- aðkomandi. Þar sem ekki er auðvelt að setja smíði, matreiðslu, textíl og fleiri námskeið í fjarnám þurftum við að fella niður síðustu tíma námskeiðanna. Þá þegar voru farin að berast skilaboð frá heimilum um að einstaklingar ætluðu að vera heima í stað þess að taka þátt í atburðum í samfélaginu. Skiljanlega var hræðslan við að smitast mikil hjá fólkinu og var greinilegt í síðustu tímunum, sem haldnir voru, að þetta þurfti að ræða.

Eitt af því sem verkefnastjóri, sem sér um símenntun fatlaðs fólks, gerir fyrir hverja önn er að halda kynningarfundum á vinnustöðum, heimilum og í húsnæði Fræðslunetsins. Með því er hægt að koma upplýsingum beint til markhópsins, persónuleg kynni myndast og með því gefst gott tækifæri á að átta sig á hvaða námskeið einstaklingar vilja helst sækja. Óskir fólks og það sem aðrir telja að myndi henta því fara nefnilega ekki alltaf saman og því best að taka umræðuna við þátttakendur sjálfa. Vegna reglna um sóttvarnir var ekki hægt að halda kynningarfundum fyrir haustönn 2020 og því var lagt mikið upp úr því að koma upplýsingum til einstaklinga með bréfi á auðskildu máli og með símtölum. Fólkið var hvatt til að hafa samband við okkur og skrá sig á námskeið á haustönn í gegnum heimasíðuna, með því að hringja í okkur eða senda tölvupósta en einnig vorum við í góðu sambandi við heimilin sem unnu þetta verkefni með okkur. Við ætluðum ekki að láta þessa veiru stöðva okkur í að halda námskeiðum gangandi fyrir hópinn.

Þegar svo skipulagning haustannar 2020 hófst var ætlunin að hafa námið með sama hætti og annað nám

Fræðslunetsins eða þannig að einn metri væri á milli einstaklinga í stofunum. Eftir vangaveltur um tveggja metra reglu og þá staðreynd að í Fræðslunetið sækir nám fólk á aldrinum 20–80 ára var ákveðið að senda fyrirspurn til landlæknis þar sem spurt var hvaða reglur giltu um hópinn. Það svar fékkst, að miða ætti við metra fyrir ákveðna hópa en ekki fylgdi skilgreining á þeim hópum. Eftir umræður um það hvernig Fjölmennt í Reykjavík ætlaði að skipuleggja sitt nám var ákveðið að skipuleggja námskeiðin á Selfossi þannig að auðvelt væri að fylgja tveggja metra reglunni. Hóparnir urðu því helmingi minni en vanalega og í kjölfar þess var ákveðið að stytta námskeiðin þannig að allir gætu fengið eitthvað fyrir sig á önninni. Öll námskeið voru því skipulögð sem fjögurra vikna námskeið og þátttakendur 2–3 á hverju námskeiði nema þeir sem þurftu mestu aðstoðina voru einir á námskeiði. Þátttakendum var kynnt þessi breyting í bréfi sem þeir fengu en þar komu einnig fram dagsetningarnar sem áttu við þeirra námskeið og þær sóttvarnarráðstafanir sem gerðar voru og þurfti að framfylgja.

Enn þurfti örlitlar breytingar þegar hertar sóttvarnareglur voru settar 5. október. Þar sem námið var þegar skipulagt með tveggja metra reglu þurfti aðeins að herða sóttvarnir í húsinu en það var gert með því að setja á grímuskyldu, handspritt var fánlegt í öllum rýmum og hanskar í boði. Fresta þurfti seinni hluta námskeiðanna um tvær vikur og hófust þau því ekki fyrr en í lok október. Gengu þau námskeið vel og engar breytingar urðu upp frá þessu.

Vorönn 2021 var skipulögð eins og önnin á undan og gekk vel en við fundum fyrir þreytu hjá mannskapnum vegna ástandsins, en einnig bjartsýni.

Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott en í kjölfar þess að hóparnir urðu minni var hægt að halda tvö námskeið sem hefur ekki fengist næg þátttaka á fyrr. Námskeiðið *Hvað eru fordómar og einelti* var haldið við svo góðar undirtektir að námskeiðið var haldið aftur á vorönn 2021.

Við vorum svo lánsöm að skipuleggja námið á mjög varfærinn hátt enda með viðkvæman hóp og nokkuð um fólk komið vel yfir miðjan aldur. Þó sveiflur veirunnar hefðu áhrif á sóttvarnir og takmarkanir var alltaf hægt að halda áfram starfi, þátttakendur voru ánægðir og hafa sem betur fer sloppið algerlega við smit eða að fara í sóttkví. Við höfum þó fundið fyrir því að þátttakendur hafa haft áhyggjur, þeir huga vel að eigin sóttvörnum og

hafa lýst því hversu glaðir þeir verða þegar þeir eru búnir að fá bólusetningu. Flestir þeirra vilja fleiri og lengri námskeið og fundu því nokkuð fyrir því að kennslan var skert þessar annir en þau sýndu því mikinn skilning.

Við hlökkudum öll til að komast aftur í hefðbundna rútínu og því var haustönn 2021 skipulögð með hefðbundnum hætti.

Fjölmennt

Þorvaldur Heiðar Guðmundsson þroskaþjálfari starfar hjá Fjölmennt og þar þurfti mikla endurskipulagningu til að hægt væri að halda starfseminni áfram. Hann segir hér frá þeim breytingum sem gera þurfti:

„Starfsemi Fjölmenntar skiptist í tvær deildir, símenntunardeild og ráðgjafardeild. Símenntunardeild sér um námskeiðahald. Þar eru námskeiðin tvískipt, annars vegar eru námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi og hins vegar námskeið fyrir fólk með geðrænar áskoranir.

Ráðgjafardeild Fjölmenntar býður upp á ráðgjöf til einstaklinga, aðstandenda og fræðslustofnana varðandi nám fyrir fatlað fólk.

Fjölmennt starfar á landsvísu og gerir samninga við allar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni um námskeiðahald fyrir markhóp Fjölmenntar á viðkomandi svæði.

Hjá Fjölmennt eru 23 starfsmenn í föstu starfi. Að auki koma verktakar að kennslu og eru þeir mismargir eftir önnum. Um 400 þátttakendur sækja nám á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar fyrsta bylgja Covid-19 skall á ákváðum við að loka og fórum yfir hvernig hægt væri að halda starfinu áfram. Við byrjuðum á því að senda námsefni heim og sumir fengu kennslu í gegnum netið í rauntíma. Það fór eftir því hvort einstaklingarnir treystu sér í þær aðstæður. Einnig var sett fjölbreytt námsefni inn á heimasíðuna þangað sem þátttakendur gátu sótt sér efni þegar þeim hentaði. Mikið af námsefninu er enn aðgengilegt inni á heimasíðu Fjölmenntar.

Eftir páska var síðan opnað fyrir starfseminu á ný með nýjum námskeiðum þar sem við minnkuðum hópana og fórum líka meira í einstaklingskennslu.



Þorvaldur Heiðar Guðmundsson

Við þurftum að endurskipuleggja allt og hugsa út í fjölda í hverju rými og um fjöldann sem kom í hús. Við fylgjum sömu reglum og framhaldsskólar og það hefur hjálpað okkur mikið varðandi skipulag og haldið starfseminni gangandi.

Ég tel að Covid muni hafa varanlegar breytingar á skipulag starfsins. Við höfum tekið upp fjarkennslu og ég sé fyrir mér að hún muni aukast í framtíðinni. Með fjarkennslu opnast fleiri möguleikar, til dæmis fyrir landsbyggðina, til að taka þátt á námskeiðum á vegum Fjölmennar.

Við höfum þurft að minnka hópnámskeiðin töluvert og það er spurning um hvenær og hvort þau verði tekin upp aftur.

Mér fannst þekking mín og reynsla sem þroskaþjálfari nýtast mér vel í því að takast við þær áskoranir sem Covid-19 hafði í för með sér. Við vorum snögg að átta okkur á að það þyrfti að útbúa efnið til að útskýra það á auðskildu/myndrænu máli hvað væri að gerast í samfélaginu og heiminum öllum varðandi Covid-19. Ég fór að vinna í að útbúa efni sem var m.a. sett inn á heimasíðu Fjölmennar og einnig sent út til þátttakenda.

Ég útbjó kennslumyndbönd í ýmsum námsflokkum og hannaði fjarkennslunámskeið í matreiðslu og heilsu. Það skiptir máli að vera snöggur að átta sig á breyttum aðstæðum og vinna út frá þeim.

Að lokum hvet ég fólk til þess að kíkja á heimasíðuna hjá Fjölmennu (www.fjolmennt.is) og skoða úrvalið. Inni á heimasíðunni er hægt að skoða námskeið sem eru í boði. Einnig eru þar fjölbreytt námsefni og fræðsla sem getur nýst vel. Svo vil ég benda fólk á að líta á Fjölmennu á Instagram og Facebook, þar er hægt að fylgjast með starfseminni sem er í gangi hjá okkur.

Ás vinnustofa

Trausti Júlíusson þroskaþjálfari starfar á Ási vinnustofu sem er stór dagþjónustustaður og hluti af Vinnu og virkni – dagþjónustutilboðum hjá Ási styrktarfélagi. Hér segir hann frá áskorunum þessa stóra vinnustaðar vegna Covid-19.

„Við hjá Ási vinnustofu



Trausti Júlíusson



höfum eins og aðrir landsmenn þurft að takast á við Covid-19 undanfarna mánuði. Það hefur verið erfitt, en hefur að sama skapi kennt okkur ýmislegt sem mun nýtast okkur eftir að faraldrinum lýkur.

Eins og fyrr segir er Ás vinnustofa stór staður. Um 150 fatlaðir starfsmenn fá þjónustu en leiðbeinendur eru ríflega 70. Staðnum er skipt í fjögur meginsvæði sem hvert og eitt er með ákveðna sérhæfingu, en fyrir Covid-19 var lögð áhersla á að fólk gæti farið á milli svæða til þess að auka fjölbreytnina. Auk þess var starfsfólki boðið að fara í sérstök tilboð á hinum dagþjónustustöðunum sem Ás styrktarfélag rekur, Bjarkarás og Lækjarás.

Fyrstu viðbrögðin við faraldrinum voru að stöðva allt flakk á milli deilda og taka fyrir allar ferðir úr húsi, hvort sem var vinnu- og virknitilboð í Bjarkarás eða Lækjarás eða vettvangsferðir á aðra staði. Fljótlega var svo tekið fyrir að starfsmenn hittust í matsalnum í matar- og kaffitímum. Þegar fyrstu þungu takmarkanirnar skullu á síðasta vor var staðnum lokað tímabundið fyrir starfsemi fatlaðra, en leiðbeinendur héldu áfram að mæta. Það var alveg lokað í tvo daga (9. og 10. mars), en smám saman voru einhverjir starfsmenn teknir aftur inn. Einnig var heimilum boðið upp á að fá leiðbeinendur frá Ási heim til að léttu undir og aðstoða. Þeir sem komu fyrst aftur til vinnu voru þeir sem búa í heimahúsum, eða eiga af einhverjum ástæðum erfðara með að vera ekki í vinnunni. Í maí voru allir komnir aftur til vinnu. Til að byrja með voru starfsmenn hálfan daginn, en svo var tekin ákvörðun um að bjóða þeim að vera sinn venjulega vinnutíma.

Á þeim tíma sem faraldurinn hefur herjað á okkur Íslendinga hafa reglur um samkomutakmarkanir breyst margoft. Þetta hefur kallað á sífellda endurskoðun á skipulagi. Hvernig hólfaskiptir maður 200 manna vinnustað þegar aðeins 10 mega vera saman í rými? Til þess að gera það kleift þurfti



að nýta öll svæði til vinnu: Matsal, fundaherbergi, umsjónarherbergi og svo framvegis. Þetta hefur ekki verið auðvelt þar sem fjarvistir leiðbeinenda vegna sóttkvía eða lokana á skólum og leikskólum hafa verið töluverðar sem setur auðvitað meiri pressu á þá sem eru á staðnum. Við fengum undanþágu til þess að hafa 20 í sama rými með ákveðnum skilyrðum sem gerði þetta auðveldara, en samt sem áður hefur róðurinn oft verið þungur. Við höfum verið heppin, hingað til hefur ekki komið upp smit á vinnustaðnum.

Á meðal þeirra áskorana sem hafa fylgt Covid-19 er að við höfum ekki getað veitt þá fjölbreytni sem við viljum tryggja þeim sem fá þjónustu hjá okkur. Það er sárt upp á það að horfa að fólk fái ekki þá þjónustu sem okkur finnst það eiga skilið. Við höfum líka þurft að minnka alla snertingu, en hún er mikilvæg í starfi okkar og er hluti af þeim verkferum sem við notum til þess að mynda tengsl og skapa öryggi. Stór hluti af fræðslustarfi hjá Ási styrktarfélagi hefur jafnframt legið niðri. Einnig hefur álag á leiðbeinendum verið mjög mikið.

Við höfum lært að með samheldni og jákvæðu hugarfari er hægt að ná miklum árangri við erfiðar aðstæður. Við höfum lært að það er óþarfi að hlaupa af stað til þess að funda í tíma og ótíma. Oft nægir að hittast á Teams eða öðrum álíka vefforrit-

um. Þetta sparar tíma, orku og eldsneyti. Við höfum líka lært að þolinmæðin borgar sig og það er betra að hafa ströngu reglurnar aðeins lengur heldur en hitt. Sveigjanleiki er eitt af því sem við viljum hafa að leiðarljósi í starfi okkar og þessi tími hefur sannarlega kallað á sveigjanleika. Hann hefur verið eins og lúxusskóli í sveigjanleika.

Það sem stendur upp úr þegar við lítum til baka er samt kannski helst hvað hinir fötluðu starfsmenn okkar hafa tekið þessum tíðu breytingum og takmörkunum vel. Langflestir þeirra hafa staðið sig vel í að halda sig innan sóttvarnarsvæða, bera grímur og sætta sig við að það er ekki lengur í boði að skreppa í Bónus eða bakarið í matar- og kaffitímum. Það eru einhverjar undantekningar, sumir eiga t.d. erfitt með að halda fjarlægð, en við tókum tillit til þess. Það sem við höfum líka lært er að þó að þær takmarkanir, sem við höfum sett, tryggi ekki að það komi ekki upp smit hjá okkur þá minnka þær líkurnar. Allt sem minnkar líkurnar á smiti er þess virði að framfylgja því, þó að það takist kannski ekki fullkomlega í öllum tilfellum að fara eftir settum reglum. Það er lyklatríði.

Að lokum þetta: Þegar við tókum ákvörðun um að knús og handabönd væru ekki lengur í boði á vinnustaðnum áttum við von á því að ákveðnir fatlaðir starfsmenn, sem eru miklir knúsarar, ættu erfitt

með þetta. Annað kom í ljós. Þau tóku þessu langflest mjög vel og málin leystust með olnbogaskotum og snertilausu High Five ... Það var helst að okkur leiðbeinendum þætti það erfitt að fá ekki knúsið okkar“.

Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur

Svanborg Bobba Guðgeirsdóttir forstöðuproskaþjálfari skrifar hér um þær áskoranir sem Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur (PBI) hefur þurft að takast á við vegna Covid-19. PBI er staður starfsendurhæfingar og starfsþjálfunar auk þess að vera vinnustaður fyrir fatlað fólk í ótímabundinni ráðningu.

Uppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleitt er m.a. raflagnaefni, kerti, búfjármerki, mjólkursíur, diskapurrkur, klútar og skilti.

Hjá okkur eins og öðrum hefur Covid-19 haft áhrif á starfsemina og við höfum ekki getað gert allt sem okkur langar til að gera, en með skipulagi og sveigjanleika okkar frábæra starfsfólks hefur þetta nú allt saman gengið þó að ýmis verkefni bíði betri tíma. PBI fékk til dæmis styrk frá Erasmus+ til að kynna sér sambærilegan vinnustað í Portúgal sem vinnur mikið með uppbrot á vinnustaðnum sínum til að skapa minningar og hafa þannig áhrif á félagsleg gildi og stuðla að góðum starfsanda. Þetta verkefni bíður bara betri tíma þó að undirbúningur sé hafinn á fullu.

Á tímum Covid hafa áskoranir verið margar. Sú helsta hefur verið að sníða vinnustaðinn eftir þeim fjöldatakmörkunum sem hafa verið í gildi á sóttvarnatímum. Til dæmis þurftum við á tímabili að skipta vinnustaðnum upp og búa í raun og veru til tvo vinnustaði. Allt tókst þetta en það reyndi á starfsmenn að geta ekki verið í sinni hefðbundnu rútínu. Fyrir utan þetta hefur gengið vel að framfylgja öllum reglum, allir hafa lagst á eitt og sýnt mikla ábyrgð þegar kemur að sóttvörnum.

Við hér á PBI sjáum fyrir okkur ýmsar afleiðingar Covid sem eru komnar til að vera t.d., hvað varðar sóttvarnir. Þetta hefur dregið úr veikindum starfsmanna, minna er um umgangspæstir og annað þannig að sápan og sprittið er komið til að vera. Eins



Svanborg Bobba Guðgeirsdóttir

eru það fundir og afgreiðsla ýmissa mála sem hafa farið fram á fjarfundum. Ég sé fyrir mér að það sé að hluta til komið til að vera áfram. Það er alltaf gott að hittast á fundum en við höfum lært að vel skipulagðir fjarfundir geta jafnvel verið markvissari og árangursríkari.

Það verður að viðurkenna að það að vera forstöðumaður á tímum Covid hefur verið áskorun þar sem við vorum að fara í ástand sem enginn þekkti fyrir. Í þessum aðstæðum hefur reynslan sem þroskaþjálfari komið sér vel þar sem þroskaþjálfar eru vel í stakk búnir að bregðast við breytingum. Námið okkar hefur undirbúið okkur undir það að geta aðlagð og tekið ákvarðanir með stuttum fyrirvara. Við erum vön því að horfa á umhverfið og sníða það að þjónustunotandanum. Þannig horfði ég á þær breytingar sem við þurftum að fara í, að fara eftir fyrirmælum og reglum yfirvalda en máta alltaf þjónustunotandaninn inn í breytingarnar.

Þjónustuíbúðirnar Vallholti 12-14 á Selfossi



Guðrún Linda Björgvinsdóttir

Guðrún Linda Björgvinsdóttir er forstöðuproskaþjálfari í þjónustuíbúðum að Vallholti 12-14 á Selfossi. Hún segir hér frá áskorunum sínum og þeim breytingum sem hefur þurft að grípa til vegna Covid-19. Í Vallholti búa fimm íbúar, hver í sinni íbúð. Þar er einnig sameiginleg aðstaða þar sem íbúar geta komið saman.

„Helstu áskoranir vegna Covid-19 hér inni var að passa upp á íbúana, þau eru öll í miklum áhættuhópi og var farið í að reyna að takmarka ferðir þeirra án þess að skerða sjálfstæði þeirra. Þegar mestu smitin voru í samfélaginu var sett á heimsóknarbann hingað inn. Nánustu ættingjar gátu þó kíkt í heimsókn í íbúðir íbúanna og voru í góðu sambandi í gegnum Facebook-síður íbúanna, hringdu á Facetime og voru í símasamskiptum. Hvað starfsemina varðaði voru settar á Covid- vaktir þannig að sömu tveir starfsmennirnir unnu alltaf saman, þessir tveir starfsmenn unnu alltaf með sömu tvo íbúana og sinntu þeim þá eingöngu þannig að blöndunin yrði

sem minnst milli fólksins í heild. Vaktaplanið var þannig að tveir voru á tímanum 8:00–15:30 og svo tveir á tímanum 15:30–21:30, einn svo á næturvakt á tímanum 21:30–8:00. Vaktir fóru út um leið og næsti hópur mætti og voru allir snertifletir sótthreinsaðir í lok vaktarinnar. Íbúðir og snertifletir íbúa voru sótthreinsaðir einu sinni á dag sem og skipt um handklæði hjá þeim.

Á tímabili hættu íbúar að fara í sjúkrahjálfanir vegna takmarkana í samfélaginu. Þau fóru til vinnu en sami hópurinn var alltaf að vinna fyrir hádegi með sömu starfsmönnum og svo annar hópur eftir hádegi. Félagsstarf lagðist niður.

Ég trúi því að við getum tekið það besta úr þessari reynslu og að sumar breytingarnar verði varanlegar. Sumum íbúum leið augljóslega betur í þessari einföldu rútínu sem varð vegna Covid og við sáum að það að taka þátt í öllu sem í boði er hverju sinni er ekki alltaf það sem er best. Við höfum alltaf nýtt íbúðir þeirra sem mest en í Covid var engin þjónusta veitt í sameiginlegu rými og var það því að mestu lokað. Þetta hentaði sumum frábærlega á meðan aðrir söknuðu þess. Það verður klárlega meira val hér eftir og meira horft á að þó það sé helgi þurfi það ekki að vera þannig að allir sitji saman frammi þó það sé eitthvað skemmtilegt að gerast. Ég held að þetta dempi alla í æsingnum að bjóða upp á sem mest, taka þátt í öllu sem er í boði og vera á fullu alla daga. Við munum spá meira í valið hverju sinni og klárlega taka mið af stemmningunni hvern dag fyrir sig.

Mér fannst þekking mín sem þroskaþjálfari ekki nýtast við þær áskoranir sem Covid bauð upp á, nema kannski þolinmæðin og það að passa upp á sjálfstæði þeirra og sjálfsákvörðunarrétt þó að verið væri á sama tíma að passa upp á að þau smituðust ekki af Covid“.

Sunnulækjarskóli á Selfossi

Að starfa í grunnskóla á fordæmalausum Covid-tímum

Ég heiti Karen Erlingsdóttir og bý á Selfossi ásamt eiginmanni, þremur börnum og hundi. Ég er með B.Ed. gráðu í þroskaþjálfarafræðum,



Karen Erlingsdóttir

útskrifaðist frá þroskaþjálfaskori Kennaraháskólans vorið 2000. Ég hef starfað í grunnskólum síðan, bæði almennum grunnskólum og í sérskóla fyrir utan eitt ár þegar ég starfaði á vernduðum vinnustað fyrir fatlað fólk. Frá haustinu 2006 hef ég starfað í Stoðþjónustu Sunnulækjarskóla á Selfossi. Auk þess hef ég sinnt trúnaðarmannsstörfum fyrir ÞÍ á Suðurlandi frá haustinu 2010.

Að starfa í grunnskólum á tímum Covid-19 faraldursins hefur verið mikil áskorun fyrir alla. Stjórnvöld á Íslandi lögðu mikla áherslu á að lykilatriðið væri að halda úti skólastarfi í grunnskólum landsins í farsóttinni sem hefur gengið yfir heimsbyggðina og starfsfólk skóla var allt í einu orðið að framlínustarfsmönnum. Grunnskólunum var gert að starfa með miklum takmörkunum þar sem sóttvarnir voru í hávegum hafðar. Handspritt og hanskar, grímskylda, takmarkanir á hópastærðum og hólfaskipting rýma voru sett á oddinn í öllu starfi í grunnskólum landsins þar sem aðlögunarfærni starfsfólks og nemenda hefur verið aðdáunarverð. Ég er þroskaþjálfari í almennum grunnskóla og fékk að kynnast því að starfa á þessum fordæmalausa tíma með fullt af nýjum áskorunum í skólastarfinu, sem var bæði lærdómsríkur, krefjandi og á köflum mjög erfiður.

Vorið 2020 starfaði ég sem þroskaþjálfari með nokkrum nemendum, m.a. með einhverfu, í 4. bekk. Þegar Covid skall á breyttist starf mitt á einni nóttu og ég var fengin til að fylgja einum skjólstæðingi mínum alveg inn í sérdeild. Hann hafði verið þar hluta úr degi og talið var að það hentaði honum betur að vera þar allan tímann eins og á stóð, þ.e.a.s. í fámennri, lítilli einingu, heldur en inni í bekk með öllum þeim takmörkunum sem þar voru settar. Það var töluverð áskorun fyrir okkur, bæði að fara alveg inn í sérdeild og að aðlagast þar en jafnframt skemmtileg og góð reynsla sem ég hefði ekki viljað sleppa. Allt í einu var ég komin í nýtt starfsumhverfi, nýja starfsstöð, það var ný stundatafla, kynnist nýjum nemendum og starfsfólki og ég tel að þetta hafi verið ákveðin áskorun fyrir mig sem starfsmann og á við góða endurmenntun. Þegar svona ástand ríður yfir heimsbyggðina verða stundataflan og tímar í töflu léttvæg og viðvera mín með skjólstæðingum mínum varð meiri, því að allt varð viðkvæmara. Hegðun og líðan nemenda skipti öllu á þessum tíma. Breytingarnar í öllu samfélaginu urðu mjög miklar og teygðu sig inn á heimilin og í allt tómstundastarf og höfðu mikil og margvísleg áhrif á marga nemendur.

Covid-ástandið reyndi á mig sem fagmann í skólanum mínum, að vera flutt til í starfi og fylgja aðeins einum nemanda eftir var mikil áskorun. Þarna urðu aðrir skjólstæðingar mínir án þeirrar sérhæfðu þjónustu sem aðkoma þroskaþjálfara er. Þeim skjólstæðingum gat ég aðeins sinnt í gegnum umsjónarkennarann og þeir voru í góðum höndum hjá honum. Þetta vor var líka öðruvísi en venjulega og hálfendasleppt fyrir marga nemendur og okkur, auk þess sem teymisfundir, foreldrasamstarf og allt skipulagt starf, eins og til dæmis námsmat, var með öðru sniði en því sem við þekkjum.

Haustið 2020 byrjuðum við aftur, spennt fyrir nýjum og „eðlilegum“ vetri. Þetta haust var ég skráð sem þroskaþjálfari inni í 2. og 3. bekk og hlakkaði til að kynnast nýjum skjólstæðingum. En það varði stutt því að í byrjun október kom upp Covid-smit í skólanum okkar og nánast allur skólinn var sendur í sóttkví. Þrjú árgangar sluppu þó við sóttkvína og meðal þeirra voru báðir árgangarnir sem ég var að vinna með. Enn og aftur urðu breytingar á starfinu mínu. Nú var það metið svo að meiri þörf væri fyrir þroskaþjálfara í öðrum árganginum en hinum og ég endaði með því að vera inni á sama svæðinu með ákveðnum hópi, með miklum takmörkunum, þennan tíma sem skólinn var í sóttkví. Þetta reyndi mikið á skjólstæðinga mína sem máttu til dæmis ekki fara í uppbrotstímana sem eru þeim svo nauðsynlegir, eins og smiðjutíma, sund og íþróttir og erfitt var að mega ekki blandast innbyrðis í stærðfræðihópa og íslenskuhópa. Pásan, sem frímínútur eru, voru ekki lengur inni í þeirri mynd sem við þekkjum, þær voru líka skipulagðar sem gönguferðir eða leikjatími. Núna vorum við föst á svæðinu okkar allan skóladaginn, stundatöflunni var hent út um gluggann og nýju plani fleygt upp, nánast dag frá degi. Þarna reyndi á að vera lausnamiðaður, hugmyndaríkur og að reyna að halda haus og takast á við einn dag í einu. Þetta var ansi krefjandi tími og tók á andlegu hliðina. Það kom sér vel að vera lausnamiðaður og að geta nýtt sér þau vinnubrögð sem okkur þroskaþjálfum eru kennd. Að setja upp myndrænt skipulag og skrifa félagsfærnisögur á hlaupum, nýta okkur vinnukerfi og takast á við alls konar tilfinningar og hegðun, auk þess að vera í góðu og ráðgefandi foreldrasamstarfi.

Það urðu töluverðar breytingar á starfi þroskaþjálfara í grunnskólanum á tímum kórónaveirufaraldurs. Í skólanum mínum hafa verið haldnir skipulagðir teymisfundir af ýmsum toga. Þar hafa komið við sögu þverfagleg þjónustuteymi, árgangateymi og

lausnateymi. Þessir fundir hafa verið með mjög breyttu sniði eftir að faraldurinn kom upp og fjarfundir urðu ríkjandi með kostum sínum og göllum. Reynsla mín hefur verið sú að fjarfundir geta verið stuttir, hnitmiðaðir og skilað góðum niðurstöðum þegar allir þekkjast og málin eru í góðum farvegi. Í erfiðari málum skila fjarfundir oft ekki að skila eins góðum niðurstöðum þar sem það að hitta fólk, mynda traust og ræða erfið og flókin mál virkar oft betur maður á mann en í gegnum misgott internet. Fjarfundabúnaður og streymi gefur okkur landsbyggðarfólkinu þó meiri möguleika en áður til að eiga stutta fundi með sérfræðingum og sækja fræðslu og ráðstefnur af ýmsum toga. Segja má að staðsetning okkar, landfræðilega séð, sé hætt að skipta máli og að allir eigi meiri möguleika en áður til að sækja sér fræðslu, endurmenntun og ráðgjöf frá sérfræðingum á höfuðborgarsvæðinu. Mest af öllu sakna ég kaffistofunnar í skólanum mínum, að hitta samstarfsfólk, spjalla og hlæja saman sem er svo nærandi og gott fyrir starfsandann. Starfsandinn breytist í svona umhverfi og gerir allt meira krefjandi.

Ég vona heitt og innilega að þessari Covid-19-bylgju fari að ljúka svo að við getum klárað skólaárið 2020–2021 með stæl og byrjað nýtt skólaár í haust með venjulegum hætti [skrifað vorið 2021]. Ég held að Covid hafi gert margan skólann betri, ýtt við okkur og styrkt á margan hátt. Þessi reynsla, að upplifa heimsfaraldur, er einstök og verður lengi í minnum höfð. Við lærðum margt og mikið, hægðum á, ígrunduðum fullt af hlutum og tileinkuðum okkur nýja siði sem koma til með að nýtast okkur áfram í öllu því flotta starfi sem fer fram í grunnskólum á Íslandi.

Íbúðarkjarni í Reykjavík

Hanna Kristín Sigurðardóttir er forstöðuþroskaþjálfari á íbúðarkjarna í Reykjavík. Kjarninn er einn af eldri kjörnum borgarinnar, með 6 einstaklingsíbúðir og töluvert sameiginlegt rými. Þar vinna rúmlega 40 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli. Þar er verið að taka þátt í tilraunaverkefni hjá Reykjavíkurborg, s.k. þriggja kjarna verkefni. Verkefnið gengur út á að breyta skipulagi þjónustunnar og innleiðingu á hlutverki teymisstjóra. Lagt er mikið upp úr teymisvinnu og allt starfið er skipulagt í gegnum



Hanna Kristín Sigurðardóttir

teymi íbúa út frá þeirra óskum og þörfum. Á staðnum er starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn, þar af eru í dag 5 þroskaþjálfar. Hanna segir hér frá þeim breytingum sem gera þurfti vegna kórónaveirufaraldursins:

Í upphafi faraldursins var unnin viðbragðsáætlun vegna covid-19. Sú viðbragðsáætlun var svo uppfærð í samræmi við framvindu faraldursins. Í viðbragðsáætluninni voru teiknaðar upp mismunandi sviðsmyndir og ákveðið hvernig bregðast skyldi við ef íbúar lentu í sóttkví, eða einangrun. Vinnulagi var breytt á vormánuðum 2020 þannig að íbúar fóru ekki á fjölfarna staði, auk þess sem vinnustöðum þeirra var lokað. Þetta voru mikil viðbrigði, því allir dagar líktust nú helgidögum. Afþreying varð mun takmarkaðri, þar sem sú afþreying sem íbúar voru vanir að sækja í var lokað vegna sóttvarnaraðgerða. Sameiginlegu eldhúsi var lokað um tíma til að takmarka sameiginlega snertifleti, og þar með líkum á smiti. Starfsmannahópnum var skipt í tvennt til að fyrirbyggja neyðarástand ef smit kæmi til sögunnar. Áhersla var lögð á að hóparnir hittust ekki. Unnið var með hópaskiptinguna í 6 vikur, frá mars til maí 2020, og það var ekki einfalt að hitta bara helming hópsins í svona langan tíma. Að auki skapaði það áskoranir í flókinni þjónustu, þegar smá breytileiki í vinnulagi myndaðist á milli hópanna.

Tveggja metra reglan var stór áskorun sem ekki gekk upp gagnvart íbúum sem þurfa nálægð og nánd. Grímuskyldan var mjög flókin þar sem mikilvæg samskipti töpuðust og skapaði hún, til að byrja með, mikið óöryggi hjá íbúum. Sumarið 2020 gekk svo með nokkuð hefðbundnu sniði, vinnustaðir opnuðust á ný og lífið fór að mestu að ganga sinn vana gang. Haustið kom svo með þriðju bylgjuna og vegna þess hve vel hafði gengið um sumarið var hópaskiptingin ekki lengur í gangi og búið að opna eldhúsið.

Við upphaf þriðju bylgjunnar, þ.e. áður en fjölgun smita í samfélaginu fór upp úr öllu valdi, þá kom upp smit á heimilinu. Þá tók við sú áskorun sem

fylgir sóttkví og einangrun íbúa. Til að tryggja nauðsynlega þjónustu og stuðning við íbúa í daglegu lífi var gripið til ýmissa ráðstafana á þessu tímabili, fengnir lánaðir sumarbústaðir, sumarbúðir og viðbótarhúsnæði. Með þjónustu á öllum þessum stöðum tókst að mæta íbúum eins vel hægt var í þessum flóknu aðstæðum.

Við vorum svo heppin að fá sýnatöku fyrir starfsfólk inn á heimilið um leið og tekin voru sýni af íbúum. Það auðveldaði íbúum sýnatökuna að geta farið í hana með starfsfólkinu. Þegar kom að sjálfri bólusetningunni vorum við ekki jafn heppin, þar sem nú voru bara íbúar bólusettir, en sýnikennsla starfsfólks fór fram með tómrí sprautu. Stærsta áskorunin var að halda þjónustunni gangandi með lágmarksfjölda starfsfólks, á fjórum mismunandi stöðum með fjölda manns í sóttkví. En allt gekk þetta upp með samstilltu átaki samhents starfsmannahóps. Í fjöldatakmarkunum og gildandi tveggja metra reglu var ekki hægt að halda hefðbundna starfsmannafundi eða sinna fræðslu. Þá fóru fundir fram í rafheimum. Ég sé fyrir mér að einhverja fundi munum við áfram halda rafrænt, en fyrst og fremst höfum við í stjórnendateyminu nýtt okkur tölvufundi þegar einhverjir hafa ekki verið við vinnu á staðnum.

Þegar við vorum svo óheppin að smit kom inn á heimilið reyndi svo sannarlega á breytingarstjórnun og aðlögunarhæfni. Reynslan sem þroskaþjálfari skilaði sér í undirbúningi íbúa þegar takast þurfti á við nýjar aðstæður, flutning af heimili, sýnatöku og bólusetningu. Horft var á myndbönd af sýnatöku og reynt var að útskýra covid-veiruna á sem einfaldastan hátt.

Það sem covid-áskoranir hafa kennt mér er að með samvinnu góðs fólks og þrautseigju getum við allt. Við leysum málin saman með hag íbúanna að leiðarljósi. Það voru algjör forréttindi að finna samkennd og hjálpssemi allra þeirra sem komu að málum. Ekki var fundið að lausnum þótt þær kostuðu töluverð auka fjárútlát, heldur einblínt á leiðir sem þjónuðu íbúunum best.

Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Þann 28. janúar 2021 stóð fagráð Þroskaþjálfafélags Íslands fyrir rafrænu málþingi um ný lagafrumvörp félags- og barnamálaráðherra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur skrifstofu barna- og fjölskyldumála hjá félagsmálaráðuneytinu, kynnti efni frumvarpanna. Rósa Hrönn Árnadóttir og Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, starfandi þroskaþjálfar, ræddu síðan um aðkomu þroskaþjálfar að þeim breytingum sem boðaðar eru með umræddri lagasetningu. Hér á eftir verða breytingar í þágu farsældar barna kynntar stuttlega og verður fjallað um aðkomu þroskaþjálfar að þeim.

Vinna við breytingar í þágu barna hófst vorið 2018 með ráðstefnu félagsmálaráðuneytisins um snemmtæka íhlutun í málefnum barna. Í framhaldi ráðstefnunnar skrifuðu fimm ráðherrar og Samband íslenskra sveitarfélaga undir viljayfirlýsingu með það að markmiði að skapa barnvænna samfélag, brjóta niður vegg milli kerfa og bæta þjónustu í þágu barna. Í kjölfarið var skipaður stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna og þingmannanefnd um málefni barna sem vann þvert á flokka. Árið 2019 fór í margþættsamráð við fjölda aðila sem með mismunandi hætti koma að málefnum barna á Íslandi. Í október 2019 var boðað til ráðstefnu í Hörpu um breytingar í þágu barna þar sem helstu niðurstöður samráðsins voru kynntar ásamt áformum um setningu laga um samþættingu þjónustu við börn og fjölskyldur. Fyrstu drög að frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna voru kynnt hagsmunaaðilum í desember 2019. Frumvarpið var jafnframt kynnt almenningi opinberlega í samráðsgátt stjórnvalda í júní 2020 (Stjórnarráð Íslands, 2020). Það má því



Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

með sanni segja að undirbúningur fyrirhugaðra breytinga hafi farið fram í miklu samráði og að pólitísk samstaða ríki um þær.

Þrjú ný frumvörp, sem miða að samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, voru lögð fram á Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020–2021 en þau varða samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og tvær nýjar ríkisstofnanir sem eru Barna- og fjölskyldustofa og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Málin gengu til velferðarnefndar Alþingis í desember 2020 eftir að fyrstu umræðu í þingsal lauk. Að

lokinni þriðju umræðu í júní 2021 voru frumvörpin samþykkt. Stefnt er að því að hefja innleiðingu breytinganna þann 1. janúar 2022 þegar lögin taka gildi. Þessi nýju lög og meðfylgjandi lagabreytingar eiga að stuðla að farsæld barna og eru svar við ákalli til stjórnvalda um að betur sé hlúð að börnum með það að markmiði að þeim farnist vel í lífinu. Leitast hefur verið við að móta lagaumgjörð sem tekur frekar mið af snemmtækum stuðningi en síðbúnari inngrípum í líf barna. Reynslan sýnir að samstarf þvert á málaflokka er lykilatriði þegar kemur að því að tryggja snemmtækan stuðning við börn og fjölskyldur. Lagasetningin beinast að öllum börnum en sérstaklega að þeim börnum sem þurfa á sívirkum og snemmtækum úrræðum að halda og börnum sem þurfa mikinn eða fjölþættan stuðning til lengri tíma, s.s. vegna skerðinga, fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Hugtakið snemmtækur stuðningur er notað í lögnum til að lýsa stuðningsúrræðum eða þjónustu sem hefur það að markmiði að veita börnum og fjölskyldum þeirra hjálp um leið og þörf fyrir hana vaknar (Alþingi, 2020). Frumvarpið tekur

til mjög fjölbreyttrar þjónustu sem er veitt innan skólakerfisins, heilbrigðiskerfisins og félagsþjónustu auk verkefna lögreglu. Aðrir aðilar, sem vinna með börnum í skipulögðu starfi sem á þátt í að styðja og efla farsæld barna, geta einnig tekið þátt í samþættingu þjónustu. Öllum, sem koma að málefnum barna og ungmenna, ber að taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt og bregðast við slíkum vísbendingum með ákveðnum hætti (Stjórnarráð Íslands, 2020).

Önnur nýmæli eru í lögunum þar sem í fyrsta sinn er kveðið á um stigskiptingu þjónustu við börn á Íslandi. Stigskipting þjónustu með þessum hætti á að stuðla að aukinni yfirsýn yfir þjónustukerfin sem vonandi getur tryggt betur skilvirka og samfellda þjónustu sem mætir þörfum barna. Um er að ræða þrjú stig sem skilgreina á alla þjónustu, sem styður við farsæld barna, út frá. Á fyrsta stigi er um að ræða grunnþjónustu sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum sem miðar að snemmtækum og einstaklingsbundnum stuðningi til að tryggja farsæld barns. Á öðru stigi er þjónustan áfram einstaklingbundin en jafnframt markvissari stuðningur, byggður á faglegu mati og stuðningsáætlun, sem miðar að farsæld barns. Á þriðja stigi þjónusta er veittur einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur, byggður á ítarlegu mati og miðar að því að tryggja að farsæld barns sé ekki í hættu (Alþingi, 2020).

Í 17. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er kveðið á um tengiliði á fyrsta þjónustustigi. Hlutverk tengiliða er m.a. að veita upplýsingar um þjónustu, aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns, skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu, koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra og taka þátt í stuðningsteymi eftir því sem við á. Þessi tengiliður er einstaklingur í nærumhverfi barnsins sem hefur næga þekkingu til að geta verið foreldrum og barni innan handar eftir þörfum. Löggjafinn leggur til að tengiliðirnir séu starfsmenn mismunandi þjónustuveitenda eftir aldri barns en með því er leitast við að tryggja að tengiliður sé í nærumhverfi barnsins, t.d. heilsugæslu eða leik- og grunnskóla. Í 20. gr. laganna er kveðið á um málstjóra á öðru og þriðja þjónustustigi. Hlutverk málstjóra er m.a. að veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu, aðstoða við að tryggja aðgang að ítarlegu mati og/ eða greiningu á þörfum barns, bera ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og að leiða stuðningsteymi, fylgja því eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við stuð-

ningsáætlun og veita þeim sem sitja í stuðningsteymi ráðgjöf og upplýsingar um samþættingu þjónustu. Málstjóri skal hafa yfirgripsmikla þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barna og geta veitt ráðgjöf og leitt samþættingu þjónustu frá fyrsta til þriðja stigs. Almennt eru starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga taldir vel til þess fallnir að taka að sér verkefni málstjóra. Þó gerir lagaákvæðið ráð fyrir að sveitarfélag geti tilnefnt annan málstjóra, t.d. ef þarfar barns liggja fyrst og fremst innan skólakerfis eða heilbrigðiskerfis (Alþingi, 2020).

Í 18. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 26. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er kveðið á um þær fagstéttir sem sveitarfélög skulu hafa á að skípa til starfa að verkefnum samkvæmt lögunum og eru þroskaþjálfar þar tilgreindir ásamt félagsráðgjöfum, iðjuþjálfum og sálfræðingum. Það er mikilvægt að reglugerðir ráðherra um hæfisskilyrði og menntunarkröfur tengiliða og málstjóra skv. nýjum lögum tilgreini þær fagstéttir sem best eru til þess fallnar að sinna þeim verkefnum sem kveðið er á um í lögunum. Þroskaþjálfar hafa víðtæka og hagnýta þekkingu á skipulagi og framkvæmd heildrænnar þjónustu með áherslu á einstaklinga og fjölskyldur. En samkvæmt starfskenningu þroskaþjálfar er sérstaða þroskaþjálfar annars vegar víðtæk og hagnýt þekking á sviði stefnumótunar, skipulags og framkvæmdar heildrænnar þjónustu og hins vegar einstaklingsmiðuð þjónusta, óháð aldri og aðstæðum. Starfshættir þroskaþjálfar miða að því að rannsaka og tileinka sér nýjustu stefnur og strauma með hagsmunum fólks að leiðarljósi. Þroskaþjálfar miðla af þekkingu sinni og eru ráðgefandi sérfræðingar í að móta og innleiða nýjungar í þjónustu (Þroskaþjálfafélag Íslands, 2007).

Hugmyndirnar, sem birtast í lögunum, um snemmbúnað aðgerðir gagnvart börnum sem eru að takast á við vægan vanda, meðal annars með það að markmiði að koma í veg fyrir að vandinn aukist og verði erfðari viðureignar, fellur vel að þeim vinnubrögðum sem þroskaþjálfar beita við snemmtæka íhlutun meðal þeirra barna og ungmenna sem þeir þjónusta. Í lögunum er kveðið á samfellu í þjónustu og samvinnu þvert á málaflokka þar sem fjölbreyttir hópar fagaðila og sérfræðinga leita sameiginlegra lausna til stuðnings barni og fjölskyldu innan ramma laga. Teymisvinna í þverfaglegu samstarfi er eitthvað sem þroskaþjálfum er tamt og þeir hafa margir hverjir mikla reynslu af slíku samstarfi. Þroskaþjálfar starfa

á breiðum vettvangi og oft í nærumhverfi barna, s.s. leik- og grunnskólum og á öðrum stofnunum sem veita börnum þjónustu m.a. innan félagsþjónustunnar og eru ein þeirra stétta sem best eru til þess fallnar að sinna hlutverkum tengiliða og málstjóra í nýju lagaumhverfi.

Með umræddum lögum verða tímamótabreytingar innleiddar í þágu barna á Íslandi. Innleiðingarferlið verður eflaust flókið og margþætt þar sem upp geta komið fagleg álitamál og aðrar áskoranir. Þroskaþjálfar hafa í gegnum árin tekið þátt í að móta þjónustu og ryðja á burt hindrunum í samfélaginu í því skyni að bæta lífsskilyrði og lífsgæði fólks. Farsæld barna kemur öllum við, óháð því á hvaða vettvangi er starfað. Þroskaþjálfar geta stutt við innleiðingu breytinganna með því að kynna sér efni laganna og tala jákvætt um breytingarnar í nærumhverfi sínu og fræða nærumhverfið um hvað felst í breytingunum. Þroskaþjálfar geta einnig boðið fram sérþekkingu sína og starfskrafta við mótun og innleiðingu verk-lags á vinnustað sínum og sótt um að taka að sér hlutverk tengiliða eða málstjóra eftir því sem við á. Verum hluti af breytingunum og leggjum okkar af mörkum í þágu farsældar barna og samfélagsins alls.

Heimildir:

Alþingi. (2020). Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. <https://www.althingi.is/altext/151/s/0440.html>

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Stjórnarráð Íslands. (2020). Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna. <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Breytingar%20%C3%AD%20%C3%BE%C3%A1gu%20barna%20-%20sam%C3%BE%C3%A6tting%20%C3%BEj%C3%B3nustu.pdf>

Þroskaþjálfafélag Íslands. (2007). Starfskenning þroskaþjálfara. <http://www.throska.is/is/um-felagid/thi/starfskenning-throskathjalfa>

Hugleiðingar um gildi faghandleiðslu í störfum þroskaþjálfar

Þroskaþjálfar hafa á undanförunum misserum haslað sér völl á breiðari vettvangi atvinnulífsins en áður, ekki síst á sviði velferðarþjónustu og skólaþjónustu. Þar eru þeir taldir verðmætur liðsauki í sífellt flóknara og krefjandi starfsumhverfi. Það hefur verið gæfa mín að fá að fylgjast með þróun og vexti þessarar fagstéttar um nánast 40 ára skeið, jafnt á starfsvettvangi sem og á vettvangi námsins. Nú síðast að nýju á starfsvettvangi grunnskólanna og á vettvangi þjónustu við fatlað fólk en á báðum þessum sviðum hef ég veitt faghandleiðslu um skeið. Ég hef því öðlast nokkra yfirsýn á störf og starfsumhverfi stéttarinnar í gegnum árin og margt hefur orðið mér að umhugsunarefni. Þar ber hæst ábyrgðina sem þroskaþjálfur er víða falin án viðvarandi aðgengis að faglegru speglun og sérfræðilegu samráði. Það er því alvarlegra þar sem þroskaþjálfar eru einu fagaðilarnir að störfum eða hafa takmarkað aðgengi að öðru fagfólki til samráðs og viðfangsefni eru ágeng.

Greinin, sem hér birtist, er skrifuð með fagstétt þroskaþjálfar í huga en henni er einnig ætlað að fylgja úr hlaði nýútkominni bók um handleiðslu og reyndar fyrstu bók sinnar tegundar á Íslandi. Bókin ber heitið *Handleiðsla til eflingar í starfi* og var gefin út af Háskólaútgáfunni á dögunum. Hún er hugsuð sem kennslubók sem ætti að nýtast nemendum og fagfólki á sviði heilbrigðis, skóla- og velferðarþjónustu. Undirtitill bókarinnar er *Vinnuvernd, fagvernd, mannvernd*. Þessi þrjú lykilhugtök vísa til meginhlutverks handleiðslunnar og þess ávinnings sem af henni hlýst og verða útgangspunktur hér.



Kristín Lilliendahl

Skilgreining og skilningur á handleiðslu

Fyrst ber að nefna að hugmyndir manna um handleiðslu eru ólíkar og handleiðslan hefur verið skilgreind, skilin og misskilin á marga vegu. Því er mikilvægt að hafa fáein atriði í huga áður en lengra er haldið. Þrátt fyrir að vera leiðbeinandi og færnimiðuð er faghandleiðsla ekki leiðsögn eða starfsþjálfun í eiginlegum skilningi. Hún er sameiginleg ígrundaun og speglun tveggja fagaðila á starfstengd inngríp annars þeirra með þróun fagmennsku hans og persónuþroska að markmiði. Jafnræði einkennir

handleiðslu, ólíkt starfsþjálfun og starfstengdri leiðsögn þar sem annar kennir eða leiðbeinir hinum. Auk þess eru starfsaðferðir og vinnubrögð í handleiðslu önnur og sérhæfðari. Handleiðsla er heldur ekki meðferðarstarf en getur haft persónulega þýðingu og meðferðarlegt gildi fyrir handleiðsluþegann. Það sem greinir í hnotskurn faghandleiðslu frá meðferð er að í handleiðslu er sjónum beint að störfum og starfshæfni handleiðsluþegans og hagur skjólstaðinga hans ávallt hafður í forgrunni. Í meðferð beinist athyglin hins vegar að einstaklingnum sem hana sækir og áskoronum í persónulegu lífi hans.

Ávinningur af handleiðslu hvílir ávallt á skuldbindingu handleiðsluþega til þess að ígrunda, greina og gagnrýna starf sitt af heilindum. Í því felst að birta sjálfan sig og starfshætti sína eins og þeir eru undanbragðalaust. Til þess þarf gagnkvæmt skuldbindandi traust sem handleiðari og handleiðsluþegi leggja sameiginlega grunn að í upphafi og innsigla með sérstökum handleiðslusamningi sem ýmist er skráður eða

handsalaður. Á þessu trausti hvílir allt sem síðar verður. Mælt er með því að fagfólk velji sér ávallt handleiðara með full réttindi til handleiðslustarfa og taki þar jafnframt mið af eðli og viðfangsefnum starfsins. Skrá um fullgilda handleiðara má finna á vef Handleiðslufélags Íslands (handleidsla.is). Þá er jafnframt mælt með að fagfólk sækji handleiðslu með virkum hætti út starfsævina. Þó er það svo að margir sækja handleiðslu aðeins tímabundið eftir aðstæðum, jafnvel aðeins einu sinni og sumir aldrei. Þetta kann að stýrast af þrennu. Í fyrsta lagi af þeim kostnaði sem fagfólk þarf að bera af handleiðslunni þar sem hún er ekki ávallt styrkt eða niðurgreidd, í öðru lagi af takmörkuðum skilningi á handleiðslu og hlutverki sínu sem handleiðsluþega og í þriðja lagi dregur lítil hefð innan eigin fagstéttar eða vinnuumhverfis úr líkum á að handleiðsla verði virkur þáttur starfsins. Það má þó nefna að áhugi fagfólks virðist aukast jafnt og þétt og það færast í vöxt að sveitafélögin greiði fyrir tiltekinn földa tíma í handleiðslu fyrir einstaka starfsmenn og þá oft í samhengi við tiltekinn vanda svo sem starfsþreytu, ágeng mál eða sérstakar aðstæður eins og breytingar á vinnustað.

Enn er langt í land með að vinnuveitendur og fagfélög skilyrði fagfólk til að sækja tiltekinn fjölda handleiðslutíma á ári hverju. Víða erlendis er reglubundin handleiðslusókn forsenda þess að viðhalda faglegum starfsréttindum. Það á ekki síst við fagfólk í geðheilbrigðisþjónustu og annarri heilbrigðisþjónustu. Hér má til dæmis nefna fagstétt sálgreina (psycho-therapists) í Bretlandi og víðar.

Vinnuvernd

En svo vikið sé að lykilhugtökunum þremur vinnuvernd, fagvernd og mannvernd þá bendir Alma D. Möller (2020) landlæknir á í aðfararorðum bókarinnar að vönduð faghandleiðsla bjóði upp á tækifæri til að vernda fagfólk í krefjandi störfum þar sem mikil ábyrgð og inngrip í líf fólks geta tekið á og að það geti skipt sköpum að fá speglun og jafnvel nýja sýn á hvort heldur flóknar ákvarðanir eða eigin líðan. Sé horft til starfa þroskaþjálfara, kennara og fagfólks í frístundastarfi þá er margt í starfsaðstæðum þeirra faghópa sem vekur umhugsun í þessu samhengi. Fagleg einangrun og ofurábyrgð er ekki óþekkt þrátt fyrir auknar áherslur á teymisvinnu og annað styðjandi samstarf faghópa auk þess sem kröfur um gæði þjónustu eru gjarnan í ósamræmi við þau úrræði sem fagfólki eru búin til að mæta þeim. Til viðbótar er

hvers kyns heilbrigðis-, skóla- og velferðarþjónusta undir smásjá almennings sem aldrei fyrr og fagfólk verr varið fyrir gagnrýni til að mynda á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum. Hawkins og Shoet (2012) hafa bent á að þetta sé einfaldlega veruleiki sem við búum við. Fagfólk þurfi að vera meðvitað um hann, aðlaga sig honum og bregðast við með því að starfa náið með öðrum, njóta stuðnings kollega sinna og sækja faghandleiðslu á öllum stigum starfsferilsins.

Samkennd (empathy) og hæfileikinn til samlíðunar (compassion) er undirstaðan í þessum störfum en sömu eiginleikar geta jafnframt leitt til þess að það fjari undan fólki þegar álagið verður meira en getan til að bregðast við því. Tala má um ytri og innri starfstengda streitu. Með ytri streitu er átt við álag og þreytu sem tengist til dæmis skorti á úrræðum, umbreytingum á vinnustað, samstarfsvanda eða einhæfni í störfum. Með innri streitu, sem er síður áþreifanleg, er átt við streitu sem skapast af eðli starfsins sjálfs og kemur gjarnan aftan að fólki. Hér er átt við svokallaða umhyggjustreitu eða „compassion fatigue“ þegar áföll og erfiðleikar skjólstaðinga eru þess eðlis að þeir ganga á líðan og krafta fagfólks. Viðfangsefni geta orðið þrúgandi, ekki síst ef fagfólk á sjálf sambærilega reynslu að baki eða einhver því nákominn og er alls ekki óþekkt í þessum störfum. Í hnotskurn er því haldið fram hér að handleiðsla geti gert gæfumuninn þegar fólk verður vart við þverrandi starfsgleði og vinnuþrek og geti varnað mistökum eða öðrum óförum í starfi.

Fagvernd

Í faglegum störfum er fagsjálfið og hið persónulega sjálf hvort tveggja að verki. Í handleiðslu er fagaðila hjálpað að beita markvisst ígrundunarfærni sinni til þess að skilja hvenær og hvernig hvort afl fyrir sig hefur áhrif í viðfangsefnum starfsins. Áhersla er lögð á að styðja fagmanninn í þróun hugmynda hans um fag sitt, færni til að beita tilteknum starfsaðferðum og efla faglega ákvörðunarhæfni. Fagþróun er ávallt hið miðlæga markmið í handleiðslunni og góður handleiðari leitast við að skoða hana í víðu samhengi með handleiðsluþega. Þannig hefur hann ávallt hagsmuni skjólstaðings í öndvegi, íhugar íhlutanir handleiðsluþegans, líðan hans og áhrif af persónulegum högum. Hann hugar jafnframt að því hvernig handleiðslusambandið þróast, að eigin framlagi, líðan og áhrifum í handleiðsluferlinu og greinir jafnframt áhrif ytri þátta sem geta verið að

verki í daglegum störfum og starfsaðstæðum handleiðsluþegans. Fyrst og fremst byggist handleiðslan á að efla ígrundunarhæfni handleiðsluþegans og sjálfsvitund hans sem líta má á sem forsendur fagþroskans og meginverkfærin í handleiðslunni. Fagaðili með sterka sjálfsvitund hugleiðir hvað hann kemur með úr fortíð sinni, menningu og lífsgildum, því að það sem hann kemur auga á í viðfangsefnum starfsins er undir áhrifum þess (Bager-Charleson. 2010, 36). Hér er því haldið fram að ígrundunarhæfni og hæfni til sjálfsrýni séu þættir sem best varðveita og vernda fagmennskuna og sjálfan fagmanninn.

Mannvernd

Ef til vill höldum við að við þekkjum okkur sjálf nokkuð vel en eins og gamalt máltæki segir; Fiskurinn er síðastur til að sjá vatnið. Í handleiðslunni er lögð áhersla á að við komum auga á eigin blinda bletti og ígrundum vandlega og af dýpt á hvaða gildum, viðhorfum og hvötum ákvarðanir okkar í starfi hvíla hverju sinni.

Haft hefur verið á orði að handleiðsla eigi sér þann tvíþætta tilgang að vernda hag skjólstæðinga og verja fagfólk fyrir sjálfu sér (Davys og Beddoe, 2010). Hér er meðal annars vísað til þess hve mikilvægt er í umræddum störfum að koma auga á áhættur sem fylgja því að starfa í umhverfi þar sem valdaójafnvægi er mikið milli skjólstæðinga og þjónustuveitenda.

Það er afar mikilvægt að fagfólk geri sér grein fyrir því valdi sem það býr yfir og hugleiði hvaða áhrif það getur haft. Valdi í störfum fagfólks á starfsvettvangi, eins og þroskaþjálfara, má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er það hlutverkavaldið, þ.e.a.s. valdið sem felst í sjálfu fagheitinu og hlutverkinu sem því er falið. Í öðru lagi menningarlegt vald eða félagslegt vald sem vísar til stéttar og stöðu svo sem menntunar, efnahags, stöðuheitis og annars sem telst til félagslegra gæða. Í þriðja lagi er svo persónulega valdið sem vísar til eigin „karisma“ eða persónutöfra sem við erum misjafnlega meðvitað um en geta haft mikil áhrif í samskiptum við skjólstæðinga, aðstandendur þeirra og samstarfsmenn (Hawkins og Shoet, 2012).

Hluti ígrundandi sjálfsrýni í handleiðslu er að greina eigin hvatir sem búa að baki daglegum ákvörðunum okkar í starfi. Ómeðvitað valdbeiting eða íhlutanir í eigin þágu eru áhættuþættir í þessum störfum sé fagfólk ekki því meðvitaðri um þá og um sjálft sig. Handleiðsla er kjörinn vettvangur til að íhuga sjálf sitt, sögu sína, gildi, reynslu og viðhorf

og átta sig á hvernig þessir þættir stýra skrefum okkar í starfi. Hawkins og Shoet (2012) tala um tvenns konar viðfangsefni sjálfsrýni sem þeir telja mikilvægt að handleiðsluþegi glími við í handleiðslu. Annars vegar er að ígrunda af dýpt hvers vegna hann kjósi að starfa við fag sitt og hinsvegar er að skilgreina grunnildi sín og lífsviðhorf. Þetta séu mikilvægir þættir sem auk þess að efla fagmanninn verja hann gegn óförum í starfi. Í jafnáleitnum störfum og þeim sem hér er vísað til er vernd fagmannsins sem fagaðila og manneskju afar mikilvæg og er ef til vill minni gaumur gefinn en tilefni er til.

Kennarar, þroskaþjálfar og fagfólk í frístundaþjónustu eru fagstéttir sem hafa ekki almennt gengið óhindrað að faghandleiðslu þegar þörf er á né búa við sterka handleiðsluhefð innan fagsviðs síns. Engu að síður er þeim treyst til að bregðast við og hafa áhrif á lífsaðstæður barna og fullorðinna, oft hjálparlaust eða því sem næst, og treyst til að skila starfi sínu í samræmi við hæstu faglegu gæðakröfur. Það er umhugsunarvert hversu raunhæft það sé. Það er jafnframt í ósamræmi við það siðferði sem krafist er og almennt er eining um að hægt sé að treysta á í störfum þessara stétta. Í hnotskurn eru störf fagfólks í heilbrigðis-, mennta- og velferðarþjónustu þess eðlis að það hlýtur að varða öryggi þjónustuþega og alls almennings að það njóti að jafnaði faglegs og persónulegs stuðnings við störf sín.

Það er mikilvægt að taka hér fram að hvers kyns jafningjastuðningur, teymisvinna og sérfræðilegt samráð hefur sannarlega verið bjargráð að þessu leyti innan þjónustunnar og hefur eflt gæði, öryggi og trúverðugleika hennar. Það er þó jafnmikilvægt að átta sig á að þessi úrræði geta aldrei orðið ígildi faghandleiðslu þar sem öruggt og óháð persónulegt rými fæst til að ígrunda starf sitt og greina starfstengda líðan sína undir handleiðslu sérhæfðs aðila sem hefur innsæi í og reynslu af sams konar eða sambærilegu starfi. Það er í huga mínum erfitt að sannfærast um hæstu gæði í viðkvæmri og vandasamri þjónustu þegar þessi þáttur starfsins er jafn lítt ræktur og raun ber vitni. Það er um leið gleðilegt til þess að vita að fagfólk er í síauknum mæli meðvitað um mikilvægi þess að sækja handleiðslu við þróun starfa sinna og eflingu eigin persónuþroska.

Fram að þessu hefur handleiðsla haft lítið vægi í faglegri umræðu um stöðu fagfólks eins og þroskaþjálfara og þjónustunnar í heild að undanskilinni handleiðsluhefð innan ákveðinna fagstétta svo sem félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, presta og sálfræðinga. Þá

eru rannsóknir á aðferðum og áhrifum handleiðslu almennt fáar en rannsóknir á reynslu nemenda af leiðsögn í vettvangsnámi og leiðsögn nýliða í starfi eru allnokkrar. Það er von okkar, sem að umræddri bók stöndum, að hún vekji til frekari umhugsunar um starfstengdar aðstæður fagstétta innan heilbrigðis-, skóla- og velferðarþjónustu, ekki síst þeirra sem þreyja þorrann oft við takmörkuð bjargráð sjálfum sér til handa í sífellt flóknara og krefjandi starfi.

Hvað rekur fagfólk til þess að sækja handleiðslu?

Algengt er að fólk taki ákvörðun um að sækja handleiðslu þegar áskoranir í starfinu eða persónulegir þættir, sem þar hafa áhrif, eru orðnir íþyngjandi. Ástæðurnar varða t.d. samskipti og samstarf, ýmist við stjórnendur, samstarfsmenn eða kollega eða samstarf við skjólstæðinga og aðstandendur. Svo má nefna álag vegna breytinga á vinnustöðum sem eru vanmetinn þáttur í starfsþreytu og minnkandi áhuga í starfi auk þess sem breytingar geta auðveldlega valdið samstarfsörðugleikum ef ekki hugað vel að hinum mannlega þætti í aðdraganda þeirra. Einnig má nefna álag vegna manneklu, álag í persónulegu lífi, hollustulemmur í samstarfi, starfstengd áföll, svo sem slys eða fráfall í hópi skjólstæðinga eða starfsfólks, einelti á vinnustað og atvinnumissi. Þegar um áföll er að ræða er handleiðsla afar mikilvægur stuðningur meðfram eða í kjölfar áfallahjálpar þegar starfsmaður reynir að aðlagast starfi sínu á ný. En fagfólk sækir líka handleiðslu þegar vel gengur og ekkert bjátar á. Það er ekki síður dýrmætt að fá speglun á sigra sína, skapandi hugsun og velgengni í starfi og stuðning við að þróa áfram það sem vel hefur tekist. Það má svo nefna að lokum að vönduð leiðsögn í vettvangsnámi er ekki einungis afar góður undirbúningur undir að sækja handleiðslu heldur getur hún haft mikil áhrif á viðhorf fagfólks til þess að sækja handleiðslu þegar út í starfið er komið. Það er því til mikils að vinna að vandað sé til verka í þessu tilliti og að þjálfun í leiðsögn við nemendur í vettvangsnámi sé eflað til muna innan þroskaþjálfabrautar Háskóla Íslands.

Hvernig vinna handleiðarar?

Nauðsynlegt er að vita að handleiðarar starfa á ólíkan hátt. Þeir aðhyllast ólíka hugmyndafræði, ólíkar kenningar og viðhafa ólíkar aðferðir eftir eðli viðfangsefna. Þá koma þeir jafnframt úr ólíkum

faggreinum og eru með ólíka starfsreynslu að baki. Val á handleiðara, sem hentar bæði viðfangsefninu og handleiðsluþeganum sjálfum, þarf því nokkurrar umhugsunar við en ávallt ætti að hafa í öndvegi að velja handleiðara sem hefur hlotið viðurkennda menntun og þjálfun til að handleiða. Í handleiðslu fagstétta í heilbrigðis-, skóla- og velferðarþjónustu vinna handleiðarar gjarnan á grundvelli kerfiskenningar og sálgreiningar. Sjö þátta vinnulíkan Hawkins og Shoet er dæmi um líkan sem hvílir á þessum grunni. Líkanið er sett fram raðkvæmt en þættirnir sjö eru samþættir á ýmsa vegu í handleiðslunni eftir hentugleikum. Algengast er að byrja á að gera handleiðslusamning (supervision contract) áður en hin eiginlega handleiðsla hefst þar sem fram koma skuldbindingar beggja aðila og sameiginlegar vinnureglur. Samningurinn er ýmist undirritaður eða handsalaður eins og áður segir. Þegar viðfangsefni eða vandi handleiðsluþegans hefur verið skilgreindur hefst sjálf handleiðslan. Í fyrstu er leitað eftir lýsingu handleiðsluþegans á stöðu skjólstæðings eða skjólstæðinga hans, þeirri íhlutun sem hann hefur til þessa beitt til lausnar og greind tengsl hans og samband við skjólstæðing. Síðan beinir handleiðari sjónum að handleiðsluþeganum sjálfum og að sjálfu handleiðslusambandinu og greinir innra með sér hvernig því vindur fram. Í öllu handleiðsluferlinu er handleiðarinn einnig að greina hvað er að gerast innra með honum sjálfum, hvaða hugsanir og tilfinningar vakna, hvaða ályktun er hann að draga af samtalinu við handleiðsluþegann og hvaða blindu bletti hann sjálfur geti verið með eða ómeðvituðu þætti svo sem yfirfærslu, varnir, mótstöðu, óljós mörk eða óljósa valdbeitingu sem truflað getur handleiðsluferlið. Þessa þætti rýnir hann sömuleiðis í, í frásögn og fari handleiðsluþegans í samskiptum hans við skjólstæðing og í samstarfi hans við handleiðara. Þá rýnir hann jafnframt í það ytra samhengi sem viðfangsefni eða vandi handleiðsluþegans birtist í og þau öfl sem hafa þar áhrif. Góður handleiðari setur sig ávallt í lærdómssæti í handleiðsluferlinu og lítur á ferlið sem sameiginlega vegferð sem báðir hafa ávinning af. Hann veitir sjaldan ráðgjöf en setur sýn sína fram og hvetur handleiðsluþega til að ígrunda hana. Hann spyr spurninga í stað þess að veita svör og virðir lausnarfærni handleiðsluþegans í hvívetna. Hann ögrar hugmyndum, krefst heilinda og hollustu við ákvæði handleiðslusamnings og undirstrikar tvöfalt hollustuhlutverk sitt í handleiðslunni, þ. e. gagnvart handleiðsluþega og skjólstæðinga hans

annars vegar og gagnvart vinnuveitanda og/eða fagstétt handleiðsluþega hins vegar. Fyrst og fremst skapar hann með trúnaði sínum og hlýrri nærveru öruggan farveg og frelsi handleiðsluþega til að tjá sig óhindrað um störf sín og persónulega hagi sem þar kunna að hafa áhrif.

Að lokum

Hér er ekki rými til að fjalla sérstaklega um undirbúning undir handleiðslu en ég vil nefna að einn kafli handleiðslubókarinnar fjallar um hvað handleiðsluþegi þarf að vita áður en hann sækir handleiðslu svo sem hvers sé að vænta og hvers sé vænst af honum, hvernig sé best að velja handleiðara og hvert megi sækja upplýsingar um þá sem handleiða en einnig um hindranir sem upp geta komið í handleiðsluferlinu. Það er að mínu mati mjög mikilvægt að fagfólk, sem er ekki vant að sækja handleiðslu, geti gengið að upplýsingum sem hjálpa því að átta sig á þeim réttindum, skyldum og skuldbindingum sem fylgja því að vera í handleiðslu og þekkja hlutverk sitt og mörk í handleiðsluferlinu. Ég hvet þá sem hyggjast sækja handleiðslu í fyrsta sinn að að líta á þennan kafla. Hann fjallar annars vegar um leiðsögn leiðbeinenda við nemendur í vettvangsnámi sem ég kys að líta á sem mikilvægan undirbúning undir handleiðslu þegar vel tekst til, og hins vegar um undirbúning fagfólks undir að sækja handleiðslu í fyrsta sinn.

Með þessum orðum vil ég þakka fagráði Þroskaþjálfafélagsins og forystu fyrir að sýna þessu efni áhuga og óska fagstétt þroskaþjálfra alls velfarnaðar á komandi tímum.

Heimildir:

- Alma Möller, 2020. Aðfararorð. Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.) *Handleiðsla til eflingar í starfi*. Vinnuvernd, fagvernd, mannvernd. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Davys, A., og Beddoe, L. (2010). *Best Practice in Professional Supervision. A Guide for the Helping Professions*. London: Jessica Kingsley Publishers.
- Handleiðslufélag Íslands. www.handleidsla.is
- Hawkins, P, og Shohet, R. (2012). *Supervision in the Helping Professions* (4. útg.). Berkshire: Open University Press.



Þroskaþjálfafélag Íslands

Borgartún 6 • 105 Reykjavík • Sími 595 5160 • www.throska.is • throska@throska.is